

Ársskýrsla Vodafone 2016






ARPA



STYRKJA



SKAPA



EINFALDA



STEFNA VODAFONE

AUKUM LÍFSGÆÐI
EINSTAKLINGA OG
SAMKEPPNISHÆFNI
FYRIRTÆKJA MEÐ
SNJÖLLUM
FJARSKIPTAL AUSNUM OG
FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTU



HLUTVERK VODAFONE



Ársskýrsla Vodafone 2016

Yfirlit

6	Lykiltölur
8	Vodafone á Íslandi
10	Ávarp stjórnarformanns
12	Ávarp forstjóra

Árið 2016

14	Samantekt frá árinu
16	Fréttir á árinu
22	Vodafone ONE
24	Öflugt dreifikerfi
26	Ready Business
28	Vodafone Sjónvarp
32	Hlutanetið (IoT)
34	Hraðasta netting landsins
36	Nýsköpun
38	Framtíðarhöfuðstöðvar
41	Vildarklúbbur Vodafone
42	Fastlínulausnir
43	Hotspot lausn Vodafone
44	Alþjóðleg fyrirtækjapjónusta

Úr starfseminni

45	ISO endurvottun
46	Samfélagsábyrgð
50	Vodafone á Íslandi
52	Vodafone Færeyjar
53	Vodafone Group
54	Svipmyndir frá árinu
56	Gengi á markaði 2016
58	Ársfjórðungsyfirlit
60	Framkvæmdastjórn
62	Stjórn
64	Skipurit

Ársreikningur

65	Ársreikningur samstæðunnar
66	Skýrsla og yfirlýsing
69	Fjárhagslegar lykiltölur
70	Áritun óháðs endurskoðanda
74	Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
75	Efnahagsreikningur
76	Eiginfjáryfirlit
77	Sjóðstreymisyfirlit
78	Skýringar
103	Stjórnarháttayfirlýsing
109	Ársfjórðungsyfirlit

Um ársskýrsluna

© Mars 2017

Útgefandi:

Fjarskipti hf. | Vodafone á Íslandi

Ritstjórn og ábyrgð:

Bára Mjöll Þórðardóttir

Umsjón og efnisvinnsla:

Bára Mjöll Þórðardóttir, Guðfinnur Sigurvinsson o.fl.

Hönnun og uppsetning:

Valtýr Bjarki Valtýsson

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson o.fl.

Forsíðan:

Valtýr Bjarki Valtýsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sérstakar þakkir:

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Björgunarsveitin Kyndill

Allar tölur eru birtar með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur.

Ár einskiptisliða og verðlækkana

Rekstur Vodafone var traustur á árinu 2016 þrátt fyrir miklar sviptingar í umhverfinu þar sem margt fór saman; miklar launahækkanir í tengslum við kjarasamninga, einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála, hagræðingaraðgerðir og vinna sérfræðinga við áreiðanleikakönnun vegna kaupa á 365 miðlum hf. Mikil áhersla var lögð á öflugar mótvægisáðgerðir, auk fjárfestinga og þróunar sem munu styrkja reksturinn til næstu ára.

13.655 m.kr.

-1%

Heildartekjur

Tekjur lækkuðu um 69 m.kr. milli ára. Tekjur af farsíma, fastlínu og vörusölu lækkuðu á meðan tekjur af sjónvarpi, interneti og aðrar tekjur hækkuðu. Samkeppni á farsímamarkaði hafði sérstaklega áhrif til lækkunar tekna á meðan vörubrúun í sjónvarpi skilaði árangri í góðri tekjuaukningu.

3.040 m.kr.

-6%

EBITDA

EBITDA hagnaður minnkaði um 197 m.kr. eða 6% milli ára einkum vegna áhrifa einskiptisliða og lækkunar meðaltekna af viðskiptavinum í farsíma bæði á Íslandi og í Færeyjum. Góður vöxtur viðskiptavina náði þannig ekki að vinna upp verðlækkanir á farsímamarkaði Vörubrúun á sviði sjónvarps skilaði hærri tekjum sem skiluðu jákvæðum áhrifum á EBITDA ársins.

1.007 m.kr.

-22%

Hagnaður ársins

Hagnaður ársins lækkaði um 280 m.kr. milli ára eða sem nemur 22%. Lækkunin skýrist m.a. af einskiptiskostnaði vegna húsnæðismála og vinnu sérfræðinga vegna áreiðanleikakönnunnar. Einnig hafði lækkun meðaltekna viðskiptavina í farsíma áhrif bæði á Íslandi og í Færeyjum þrátt fyrir góðan vöxt í fjölda viðskiptavina. Hagnaður dróst einnig saman vegna hærri vaxtakostnaðar félagsins í kjölfar aukningar vaxtaberandi skulda í tengslum við niðurfærslu hlutafjár og útgreiðslu til hluthafa.

22,3%

-1,3%

EBITDA hlutfall

EBITDA hlutfall nam 22,3% í lok árs 2016 samanborið við 23,6% í lok árs 2015.

6.323 m.kr.

-2%

Framlegð


Framlegð minnkaði um 111 m.kr. á milli ára eða 2%. Framlegðarhlutfall nam 46,3% í lok árs 2016 samanborið við 46,9% árið 2015.

1.560 m.kr.

-1%

Fjárfestingar

Fjárfestingar námu alls 1.539 m.kr. á árinu og lækkuðu um 1% milli ára. Hlutfall fjárfestinga af tekjum var því 11,3% samanborið við 11,4% árið á undan.





Vodafone í hnotskurn

Vodafone er alhliða fjarskiptafyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alla meginþætti fjarskiptáþjónustu. Tugir þúsunda íslenskra heimila og yfir hundrað þúsund einstaklingar nýta sér þjónustu Vodafone, sem einnig þjónustar öll stærstu sveitarfélög landsins og mörg af stærstu fyrirtækjunum; flugfélög, banka, trygginga- og olúfélög, smásölukeðjur, háskóla,

flutninga- og sjávarútvegsfyrirtæki, svo dæmi séu nefnd. Flestir sem sinna öryggis- og neyðarþjónustu hafa valið Vodafone, þ.m.t. Neyðarlínan, Landsbjörg, Ríkisútvarpið, Landhelgisgæslan, Securitas, Landspítalinn og Vegagerðin.

Vodafone í núverandi mynd var stofnað árið 2003 við samruna þriggja fjarskiptafyrirtækja; Tals, Íslandssíma og

Halló fjarskipta sem ruddu brautina fyrir samkeppni eftir áralanga einokun ríkisins á fjarskiptamarkaði. Vodafone keypti auk þess netþjónustufyrirtækið Margmiðlun, gagnaflutningsfyrirtækið Lína.Net og færeyska fjarskiptafyrirtækið P/F Kall í Færeyjum, sem nú starfar undir nafninu Vodafone Færeyjar. Frá desember 2012 hafa hlutabréf Vodafone verið skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf., Nasdaq Iceland.



Vodafone byggir þjónustu og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group Plc, eitt stærsta og öflugasta farsímafélag í heimi. Þetta alþjóðlega samstarf færir viðskiptavinum á Íslandi aukið vöruúrval, aðgang að helstu tækninýjungum á fjarSKIPTAMARKAÐNUM hverju sinni, auk þess að tryggja öfluga þjónustu á ferðum erlendis og stuðla að hagstæðara verði.

Verðslanir Vodafone eru í Kringlunni og Smáralind, á Glerártorgi á Akureyri og í Ármúla 13a í Reykjavík – þar sem höfuðstöðvar félagsins eru jafnframt. Frá árinu 2014 er stjórnkerfi Vodafone á sviði upplýsingaöryggis vottað samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Á árinu 2015 stóðst fyrirtækið sína fyrstu árlegu endurvottun auk þess sem

upprunaleg vottun var útvíkkuð frekar. Árið 2016 stóðst félagið árlega endurvottun og er ISO 27001 vottun félagsins ein sú víðtækasta íslenskra fjarSKIPTAFÉLAGA.



Að hugsa til langs tíma

Kæri hluthafi.

Síðasta rekstrarár var krefjandi. Mikil samkeppni einkenndi öll svið fyrirtækisins og í farsímahluta var hún sérstaklega mikil. Kjarasamningshækkningar voru einnig mjög krefjandi verkefni en stjórnendur fyrirtækisins náðu vel að vinna úr þeirri áskorun. Þá féll til mikill einskiptiskostnaður vegna myglu sem kom upp í höfuðstöðvum fyrirtækisins og þeim röskunum sem því tengdust, og vegna kostnaðar við kaup á eignum 365 og öðrum smærri málum. Það má segja að árið 2015, þegar met var sett í afkomu fyrirtækisins hafi verið árið sem allt féll með fyrirtækinu, en árið 2016 voru óvissuliðirnir flestir neikvæðir. Afkoma ársins var aðeins lakari en árið 2014 en ávöxtun eigin fjár var betri sökum endurkaupa á hlutabréfum.

Starfsfólk og hluthafar hafa sömu hagsmuni

Sá mælikvarði sem ég lít mikið til er umframhagnaður (EVA) en hann hafði verið neikvæður um áraskeið eða fram til ársins 2014 þegar hann varð jákvæður. Umframhagnaður náði svo miklum hæðum árið 2015 og er enn umtalsverður. Forsendur eru fyrir ágætum stíganda í umframhagnaði næstu árin.

Umframhagnaður er ráðandi í starfskjarastefnu félagsins og því hafa lykilstjórnendur sömu hagsmuni og hluthafar. Við teljum að til langs tíma sé fyrirkomulag starfskjara í mjög traustum farvegi.

sé alltaf jákvætt þegar fyrirtæki fjárfesta í eigin bréfum. Þá er verið að skila arðsemi til hluthafa og eins er verið að bæta seljanleika hlutabréfa á markaði. Einu skiptin þar sem ekki er hagkvæmt að fyrirtæki kaupi aftur eigin bréf er þegar þau eru ofmetin á markaði. Meðalverð í endurkaupum hlutabréfa Vodafone á árinu var 45 og þegar þetta er ritað standa bréfin í 54. Eins er ekki ráðlegt að fjárfesta í eigin bréfum ef fjármagn skortir til rekstrarins, en slík staða mun ekki myndast hjá Vodafone enda er arðgreiðslustefna fyrirtækisins, sem hluthafar setja á hverjum aðalfundi, þannig að ekki er ráðist í endurkaup nema það sé algerlega tryggt að fjárhagur fyrirtækisins þoli það vel.


Endurkaup bréfa

Félagið keypti eigin bréf fyrir 400.000.000 kr. árið 2016 í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Ennfremur var hlutafé félagsins lækkað með greiðslu til hluthafa sem nam um 2,5 ma.kr. Það er stefna sem ég tel að gagnist hluthöfum vel. Það má segja að það

Útvíkkun rekstrar

Styrkur félagsins er í innviðum. Við getum þróað styrk félagsins áfram og selt viðskiptavinum okkar margs konar þjónustu, sem byggir á innri kerfum og hæfu starfsfólki félagsins. Það er út frá þessum trausta grunni sem Vodafone hefur undirritað kaupsamning

Arðsemi eiginfjár (ROE)



með hlutabréfum þar sem við teljum að Vodafone eigi umtalsvert inni þrátt fyrir talsverða hækkun hlutabréfaverðs undanfarin ár. Eftir kaupin mun nýr stór hluthafi bæstast í hópinn með um 8% eignarhlut.

Rekstur á ljósvakamiðlum og fjarskiptahluta 365 hefur verið mjög frábrugðinn rekstri Vodafone enda á 365 ekki innviðina til að dreifa efni sínu eða þjónustu en kaupir þá þjónustu af Vodafone og Símanum. Mikil kostnaðarsamlegð er þar af leiðandi á milli fyrirtækjanna bæði á sviði reksturs tækni og sölu og þjónustuinviða. Reksturinn sem um ræðir er með lægra rekstarhagnaðarhlutfall en líka mun minni fjárbindingu en rekstur Vodafone. Fjármagn sem bundið er í rekstri er einn mælikvarði á áhættu og það er ljóst að fjármagnslétt fyrirtæki þolir lægra hlutfall framlegðar en fjármagnsfræk fyrirtæki. Að framansögðu er ljóst að kaupin á eignum 365 eru rökrétt ákvörðun fyrir hluthafa félagsins.

Framlegð og efnahagur

Raunin er sú að það skiptir hluthafa mestu máli hver hagnaður fyrirtækisins er, en ekki hver EBITDA er. Sá fókus sem er á margfaldara á EBITDA við verðmat fyrirtækja kemur frá bóluárum fjármálamarkaða á Íslandi þar sem skuldsettar yfirtökur voru í hámarki. Lánveitendur horfa fyrst á EBITDA enda er það sú tala sem þeir geta leitað í varðandi greiðslur á lánum sínum. Hluthafar eru neðar í kröfuröðinni og fyrir þá skiptir hagnaður mestu máli. Eins blasir það við að EBITDA hjá fjármagnsléttu fyrirtæki segir meira til um hagnað þess en hjá fjármagnsfréku. EBITDA er því mjög mismunandi mælikvarði eftir eðli fyrirtækja. Spákaupmenn, það eru hluthafar sem ætla sér ekki að eiga hlutabréf til langs tíma, spila eftir ýmsum kennitölum en alvöru fjárfestar þurfa að horfa til þess hvað stendur eftir þegar búið er að greiða lánardrottnum, viðhalda rekstrarfjármunum og greiða hinu opinbera og það er hagnaður; lokaniðurstaðan.

Stjórnarstarfið

Stjórnin hefur verið samhent og unnið hörðum höndum að því að gæta hagsmuna allra hluthafa. Ég vil nota tækifærið og þakka stjórninni fyrir gott samstarf á árinu. Eins vil ég fyrir hönd allrar stjórnarinnar þakka Vilmundi Jósefssyni fyrir mjög gott samstarf og trausta innkomu í starfi stjórnar en hann hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Vodafone byrjaði fyrst íslenskra fyrirtækja með tilnefningarnefnd, líkt og tíðkast um alla Evrópu. Nú hefur annað skráð fyrirtæki tekið upp viðlíka nefnd og tel ég að fleiri fylgi í kjölfarið. Ef það á að tryggja góða

samsetningu stjórnar er best að undirbúa stjórnarkjör með starfi tilnefningarnefndar. Þá er ekki tilviljanakennt val á stjórn. Starf tilnefningarnefnda eykur hag hluthafa sem líkt og áður kjósa sína stjórn.

Hagur allra

Nýjar reglur ESB um samfélagslega ábyrgð, umhverfis- og jafnréttisáætlanir og fleiri mál voru innleiddar hér á landi fyrr en annars staðar. Ég vil því vekja athygli á skýringu á blaðsíðu 108 í ársreikningi.

Öflugt fyrirtæki eins og Vodafone sem horfir til langs tíma hefur mjög jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Félagið hefur sett sér góða stefnu á þessu sviði sem leggur áherslu á hlítu við lög og reglur, sjálfbærni þegar kemur að umhverfi, mannauð og efnahag. Félagið vill auk þess hafa sérstaklega jákvæð áhrif þegar kemur að uppbyggingu innviða og öryggismála á Íslandi, fræðslu um mál sem tengjast tækni til dæmis gagnvart fjölskyldum og börnum og unglingum auk þess að styðja nýsköpunarfyrirtæki með opnu samstarfi og öðrum stuðningi. Það er fátt sem getur haft eins langvarandi góð áhrif á íslenskt samfélag og öflug nýsköpun og því getur félagið verið stolt af þessum stuðningi sem er nú þegar farinn að bera sýnilegan ávöxt.

Framtíðin er björt. Alltaf er verið að finna nýjar leiðir til að bæta upplifun viðskiptavina okkar með tækninýjungum. Tæknin gerir það að verkum að ný tækifæri opnast fyrir þá sem eiga sterka innviði og hafa traustan rekstur. Við getum breikkað og eftir þjónustuna enn frekar og útvíkkað, með nýjum vörum og þjónustu sem áður þóttu tilheyra öðrum atvinnugreinum.

Að lokum vil ég óska starfsmönnum Vodafone til hamingju með nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar. Þær munu gera mjög góða fyrirtækjamenningu enn betri, og búa í haginn til framtíðar með opnu vinnurými þar sem boðskipti eru í fyrirrúmi með sveigjanleika og „frjálsum sætavalí“. Höfuðstöðvamar nýju verða betri en samt sem áður ódýrari en hinar gömlu. Það er ekki oft sem bæði er hægt að éta kökuna og eiga hana.

Heiðar Guðjónsson,
stjórnarformaður

í fjarskipta- og ljósvakahluta 365 með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum annarra eftirlitsaðila.

Ég á von á að kaupin klárast í haust, þegar eftirlitsaðilar hafa yfirfarið þau, en þessi kaup breyta rekstri Vodafone. Ég tel að þau bæti áhættudreifingu því nýjar vörur og ný þjónusta bæstist við framboð Vodafone. Þetta fellur því einstaklega vel að okkar styrkleikum en sambærileg þróun á sér stað nú víða um heim.

Kaupin eru greidd að stóru leyti með hlutabréfum en það tryggir að hagsmunir seljenda eignanna og kaupenda fari saman. Þegar verð bréfanna var fest, þann 22. desember 2016, var það gert með umtalsverðu álagi (um 20%), enda tel ég að bréf Vodafone séu undirverðlögð í samanburði við kennitölur erlendra fjarskiptafélaga. Við greiðum með peningum hluta kaupverðs enda vildum við gagnvart núverandi hluthöfum ekki greiða of mikið

Öflug þróun og lagt upp fyrir spennandi tíma

Árið 2016

Árið var viðburðaríkt í starfsemi Vodafone. Félagið tókst á við mikla verðsamkeppni, á Íslandi og í Færeyjum, auk launahækkana og einskiptiskostnaðarliða einkum tengdum flutningum úr höfuðstöðvum félagsins í Skútuvogi. Þessar miklu breytingar gerðu það að verkum að ekki tókst að endertaka leikinn frá síðasta ári þegar félagið fagnaði sínu besta rekstrarári frá upphafi. Þrátt fyrir miklar verðlækkningar á farsímamarkaði á Íslandi náði Vodafone góðum árangri í samkeppni um viðskiptavinum á markaði en aukning fjölda viðskiptavina í farsíma var 7% á árinu sem er sú mesta hjá félaginu í áráraðir. Sjónvarpstekjur héldu einnig áfram að skila hröðum vexti og er þar sérstaklega um að ræða tekjur af sjónvarpsþjónustu til viðskiptavina sem seld er undir vörumerkinu Vodafone PLAY sem félagið setti á laggirnar árið 2015 og hefur farið stöðugt vaxandi. Félagið réðst enn fremur í öflugar mótvægisáðgerðir á árinu 2016, sem fólu meðal annars í sér hagræðingaraðgerðir með fækkun stöðugilda um nálægt 10% auk annarra aðhaldsaðgerða meðal annars á sviði húsnæðismála og Sendafélagsins. Af þessum sökum standa væntingar stjórnenda til þess að árið 2017 eigi að geta orðið besta ár Vodafone þegar kemur að EBITDA rekstrarhagnaði.

Stöðug þróun og uppbygging

Þó mikil áhersla hafi verið lögð á lækkun kostnaðar á árinu 2016 var hvergi slakað á í þróun nýjunga sem munu styðja tekjustrauma félagsins í framtíðinni. Fyrri hluta árs kynnti félagið nýjar farsímaleiðir til að bregðast við mikilli lækkun einingarverða. Einnig kynnti félagið Vodafone ONE sem veitir viðskiptavinum, sem velja að sameina farsíma-, internet- og sjónvarpsviðskipti sín hjá Vodafone, ávinning í formi aukinna gæða, til að mynda meira gagnamagn í farsíma, tvöfalt gagnamagn í interneti, útländamínútur fyrir bæði farsíma- og heimasíma og síðast en ekki síst ONE Traveller. Á sviði fyrirtækjaþjónustu var einnig mikil uppbygging þar sem sala á Office 365 fór vel af stað og félagið kynnti

One Net Business til leiks sem sameinar farsíma- og fastlínubjónustu til fyrirtækja á snjallan hátt. Á seinni hluta árs kynnti Vodafone til leiks Ready Business, próf á fyrirtækjamarkaði, að fyrirmynd Vodafone Group, sem hefur það markmið að styðja fyrirtæki í að grípa tækifærin á því sviði að bæta samkeppnisstöðu sína með aðstoð fjarskipta. Í samstarfi við Vodafone Group hóf Vodafone á Íslandi að bjóða alþjóðlega þjónustu til íslenskra fyrirtækja sem reka starfsemi á erlendri grundu. Mikil þróunarstarf var allt árið og margt í burðarliðnum sem mun vera kynnt á árinu 2017 ekki síst með tilliti til Internet of Things (IoT).

Innreið hlutanetsins

Til þess að styðja IoT hlutanets uppbyggingu íslenskra fyrirtækja stækkaði Vodafone á Íslandi samstarfsamning sinn við Vodafone Group og nær hann nú til IoT þjónustu. Vodafone Group er alþjóðlegur leiðtogi fjarskiptafyrirtækja á sviði IoT samkvæmt viðurkenndum aðilum eins og Gartner og fleirum. Undir lok árs kynnti félagið prófanir á nýrri fjarskiptatækni (NarrowBand IoT - eða Léttbandi hlutanna) til þess að styðja IoT lausnir í samstarfi við Huawei. Slíkt kerfi er mjög mikilvægt í uppbyggingu IoT því það eykur líftíma rafhlöðna IoT tækja frá mánuðum upp í meira en áratug og nær mun betur í gegnum þykka veggi og kjallara. IoT lausnir munu hafa mikil áhrif á uppbyggingu fyrirtækja og borga á næstu árum og eru nú þegar farin að hafa raunveruleg áhrif eins og til dæmis þegar kemur að eftirliti með hitastigi sjávarafurða í flutningum sem er verkefni sem Vodafone vinnur nú þegar að með Icelandair Cargo, Controlant og sjávarútvegsfyrirtækjum. Dæmi um aðrar lausnir sem munu fljótlega án efa fara að snerta líf Íslendinga byggðar á fjarskiptalausnum eru til dæmis hita og rafmagnsmælur á heimilum, snjallir ljósastaurar, snjallar ruslafötur og snjöll bílastæði. IoT uppbyggingin byggir á núverandi farsímakerfum Vodafone og mun verða mikilvægari með hverju ári í tekjuöflun félagsins.



Öflugt dreifikerfi

Uppbygging innviða Vodafone hélt áfram á árinu ekki síst á sviði farsímakerfa bæði á Íslandi og í Færeyjum. Farsímakerfi Vodafone standa mjög sterkt í samunburði við samkeppnisaðila en mikil áhersla verið lögð á útbreiðslu og nærkerfið nú til 157 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem er mesta útbreiðsla farsímakerfis á Íslandi. Eftir búsetu nær 4G kerfi Vodafone til 96% landsmanna og undanfarið hefur félagið einnig unnið að því að auka hraða 4G kerfisins umtalsvert. Sendafélagið, sem er samrekstrarfélag Vodafone og Nova um rekstur farsímadreifikerfa félaganna, gekk vel á árinu og komust framkvæmdir á gott skrið á seinni hluta ársins. Verkefnið er þegar þetta er skrifað, þegar farið að skila bæði hagræðingu í rekstri sem og bættri þjónustu til viðskiptavina Vodafone.

Félagið hélt áfram að byggja upp fastlínukerfi sitt til fyrirtækja og einstaklinga, auk fjárfestinga í sjónvarpskerfum sem munu skila sér í auknum gæðum til viðskiptavina á árinu 2017.

Ábyrgur rekstur

Í rekstri Vodafone er horft til langs tíma og áhersla lögð á að ábyrg vinnubrögð séu viðhöfð á öllum sviðum starfseminnar, með



sjálfbærni og jákvæð áhrif á samfélagið að leiðarljósi. Félagið leggur mikla áherslu á gæða og öryggismál en félagið endurnýjaði ISO27001 vottun fyrirtækisins auk þess sem það stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á öryggi og vinnslu fjarskiptaumferðargagna (CDR). Félagið vannur eftir öflugri samfélagsábyrgðarstefnu þar sem lögð er áhersla á öfluga fræðslu um netöryggi, öryggismál og uppbyggingu innviða ásamt stuðning við nýsköpun. Á árinu 2016 setti Vodafone af stað viðskiptaþróunarkeppnina Stökkpallinn í tengslum við Startup Iceland ráðstefnuna. Markmið Stökkpallsins er að styðja og aðstoða frumkvöðla við að koma lausnum sínum á markað. Vodafone var einnig einn af stofnaðilum og bakhjörtlum viðskiptahraðalsins Startup Tourism, en honum er ætlað að styðja uppbyggingu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðapjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið, allt árið um kring.

BESTA vinnuumhverfið

Það stýttist í flutninga í nýjar framtíðarhöfuðstöðvar fyrirtækisins að Suðurlandsbraut 8. Flutningurinn markar einnig nýtt upphaf hjá Vodafone og innleiðingu á nýju, nútímalegu vinnuumhverfi sem sameinar hagkvæmni og frábæra

nútímalega vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk. Breytingin gagnvart starfsfólki felst meðal annars í auknum sveigjanleika og fjölbreytni þegar kemur að vinnuaðstöðu og frjálsum sätavali í opnu vinnuumhverfi. Við köllum þessa nálgun BESTA en hún er að fyrirmynd Vodafone Group og gengur undir heitinu Better Ways of Working og hefur reynst mjög vel hjá Vodafone alþjóðlega. Það er ómetanlegt að geta byggt á reynslu Vodafone þegar kemur að skipulagningu en breytingin mun bæði færa starfsfólki frábæra sveigjanlega vinnuaðstöðu en á sama tíma skila umtalsverðri hagræðingu frá fyrra horfi.

Frá síðara hluta árs 2016 hefur félagið unnið að mögulegum kaupum á ljósvakamiðlum og fjarskiptastarfsemi 365 miðla. Áhugi Vodafone á þessari starfsemi byggir á því að um er að ræða mikla samlegð milli félaganna auk þess sem Vodafone hefði eftir sameiningu breiðari tekjustoðir sem myndu gera félagið betur í stakk búið að takast á við lækkan verðs á einum undirmarkaði fjarskipta eins og gerðist árið 2016. Vodafone er tækni- og innviðafyrirtæki en ljósvakahluti 365 nýtir þessa innviði í starfsemi sinni. Ljósvakafni er í raun drifkraftur vaxtar gagnamagns í heiminum í dag og á næstu árum. Framtíð ljósvakastarfsemi er nátengd fjarskiptum

þar sem dreifing er orðin fjölbreyttari, ekki aðeins í gegnum staðbundið sjónvarp eins og áður fyrr heldur samspil mismunandi tækja eftir hentugleika viðskiptavina. Vegna aukins mikilvægis dreifingar ljósvakafniss eru mörg erlend dæmi um ljósvaka- og fjarskiptafyrirtæki sem hafa sameinast eða eru í svipuðu ferli og Vodafone og 365 þessa dagana. Kaupin bíða nú samþykkis Samkeppniseftirlitsins en gera má ráð fyrir niðurstöðu á síðasta ársfjórðungi 2017.

Það er spennandi ár framundan og ég trúi því að mikil vinna árið 2016 muni bera góðan ávöxt árið 2017 með spennandi tækifærum í burðarliðnum. Við byggjum okkar velgengi sem fyrr á framúrskarandi starfsfólki, trausti viðskiptavina, lánveitenda og hluthafa. Það er því við hæfi að þakka traustið og samstarfið á árinu.

Stefán Sigurðsson,
forstjóri

Samantekt frá árinu



▲ Mars

VODAFONE ONE

Vodafone á Íslandi kynnti í lok mars Vodafone ONE – sem hefur farið sigurför um Evrópu. Vodafone ONE hentar öllum, hvort sem fólk býr eitt í heimili, er með stóra fjölskyldu eða einhvers staðar þar á milli. Til að viðskiptavinir geti nýtt sér Vodafone ONE þurfa þeir að vera með farsíma- og internetþjónustu hjá Vodafone.

Sjá nánar á bls. 22-23.

▼ Júní

ALÞJÓDLEG FYRIRTÆKJABJÓNUSTA

Vodafone á Íslandi gerðist fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum Vodafone Group til að bjóða íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi fjarskiptalausnir bæði hér á landi sem og erlendis.

Sjá nánar á bls. 44.

▲ Júlí

BESTA VINNUMHVERFIÐ

Markmiðið með BESTA er að skapa hvetjandi og hagkvæmt vinnuumhverfi sem virkjar starfsfólk til sköpunar og samvinnu þvert á teymi. Við trúum því að BESTA sé grundvöllur að velgengni fyrirtækisins, hjálpi okkur að ná markmiðum okkar og búi starfsfólki um leið framúrskarandi vinnuaðstöðu.

Sjá nánar á bls. 38-39.



**▼ Ágúst****ÖFLUGUST Í 4G TIL SJÁVAR OG SVEITA**

Vodafone leggur ríka áherslu á að styrkja 4G þjónustusvæði sitt vítt og breitt um landið og nær 4G háhraðasamband félagsins nú til yfir 96% landsmanna.

Sjá nánar á bls. 24-25.

▲ Október**READY BUSINESS**

Ready Business fór í loftið og snýst um að vekja fyrirtæki til umhugsunar um það hvort þau séu samkeppnishæf og tilbúin fyrir framtíðina í því síbreytilega umhverfi sem þau starfa í eða Ready Business.

Sjá nánar á bls. 26-27.

▼ Desember**IoT BYLTINGIN HEFUR INNREIÐ SÍNA**

Við hjá Vodafone höfum séð töluverða aukningu í notkun Internet of Things (IoT) tækninnar á meðal viðskiptavina og mælt mjög svo aukinn áhuga á tækninni. Sérfræðingar búast við að IoT þjónusta verði helsti vaxtarbroddur fjarskiptafyrirtækja á næstu árum.

Sjá nánar á bls. 32-33.



Fréttir úr starfseminni

Janúar – maí

Vodafone leggur góðu málefni lið

19. janúar 2016

Vodafone hóf árið á því að leggja Rauða krossinum lið með því að sjá sýrlenskum flóttamannafjölskyldunum sem komu til landsins fyrir fjarskiptabúnaði og tengingum. Þegar fyrstu sex fjölskyldurnar komu til landsins var búið að tengja net og myndlykla í íbúðum fyrir þær bæði á Akureyri og í Kópavogi. Auk þess fengu fjölskyldurnar símtæki ásamt GSM kortum frá félaginu. Alls telja þessar fyrstu sex fjölskyldur 35 manns, þar af 22 börn.

Mun félagið gera hið sama fyrir aðrar flóttamannafjölskyldur sem koma í kjölfarið, allt í góðu samstarfi við Rauða krossinn. En þessi stuðningur er partur af Fjarskiptastoð Vodafone.



Rauði krossinn



Vodafone á UT-messunni

5. febrúar 2016

Vodafone bauð gestum UT-messunnar sem fram fór í Hörpu að prófa 1000 megabita eða 1 gígabits tengingu Ljósleiðarans, sem Gagnaveita Reykjavíkur setti upp. Vodafone er fyrsti þjónustuaðilinn sem gekk til samstarfs við Gagnaveituna um sölu á þessari tengingu.

Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone sagði við þetta tilefni að „ljósleiðarinn væri öflugasta gagnaflutningsleiðin sem byðist í dag og 1 gígabits tengingar myndu þar bjóða áður óþekkt gæði í magni og hraða við flutning gagna, það er 10 sinnum hraðari tengingu en ljósnetið“.

Tístrás í tilefni 30 ára afmælis Söngvakeppninnar

18. febrúar 2016

Framlag Íslands í Eurovision 2016 var valið með pomp og prakt í Laugardalshöll og um leið haldið upp á 30 ára afmæli Söngvakeppninnar. Umgjörðin var því veglegri en áður og stigu Eurovision drottningarnar Loreen og Sandra Kim á svið. Vodafone tók þátt í hátíðarhöldunum með því að bjóða upp á tístrás á RÚV2 þar sem tíst Íslendinga sem merkt voru með #12stig birtust samtímis á skjánum.



Motturakstur í Ármúlanum

15. mars 2016

Mottumars var að vanda tekinn með stæl hjá Vodafone þar sem karlpeningur fyrirtækisins lét raka á sig myndarlega mottu og safnaði áheitum um leið fyrir gott málefni. Vodafone bauð strákunum upp á motturakstur í Ármúlanum en það voru félagar okkar frá Rakarastofunni Herramenn sem munduðu rakhnífinn af listfengi.



Fyrsti útskriftarhópur Vodafone UNI

30. maí 2016

Hópur nýliða hjá Vodafone útskrifaðist úr fyrstu keyrslu grunnnáms Vodafone UNI en Vodafone UNI hefur fest sig rækilega í sessi. Á tveimur vikum sitja nýir starfsmenn fjölmarga skemmtilega og fræðandi fyrirlestra og kynntast fyrirtækinu í þáula. Í fyrri vikunni er megináherlan á að kynnst fyrirtækinu og hvernig við vinnum saman í átt að sama marki. Í seinni vikunni er áherlan meira á vörurnar okkar og þjónustu. Að lokum þreyta þátttakendur próf upp úr efninu.

#12stig ævintýrið hófst á ný

6.-16. maí 2016

Greta Salóme steig á svið fyrir hönd Íslands í fyrri undankeppni Eurovision þann 10. maí og við fylgdumst grannt með öllu ferðalaginu á Vodafone Snapchat – vodafoneis.

Vinsældir #12stig hafa aukist með hverju árinu og má segja að stærsta Eurovision party landsins fari fram á Twitter. Þar koma þúsundir Íslendinga saman og gefa sitt álit á lögnum, keppendum og öðru sem þykir þess vert að minnst á, allt meðan á keppinni stendur. Tístrásin #12stig var opin á báðum undankvöldunum og að sjálfsgöðu á úrslitakvöldinu sjálfu.



Fréttir úr starfseminni

Júní – ágúst

EM um allt land

6.-21. júní 2016

Evrópukeppnin í knattspyrnu í Frakklandi líður Íslendingum seint úr minni eftir frækna frammistöðu „strákanna okkar“. Útsendingar Vodafone frá keppninni náðu til 99,9% landsmanna í gegnum dreifingu Vodafone í lofti. Einnig var hægt að horfa á allt mótið í Vodafone Sjónvarpi um internet (IPTV) og í Vodafone PLAY appinu. RÚV og Sjónvarp Símans voru send út í háskerpu og opinni dagskrá til allra IPTV myndlykla Vodafone.



Háskerpa í forgangi í Vodafone Sjónvarpi

14. júní 2016

Háskerpuútsendingar fóru í forgang í Vodafone Sjónvarpi. Breytingin kom til vegna mikillar fjölgunar háskerpustöðva og þar af leiðandi breyttri áherslu í stöðvauppröðun. Háskerpustöðvar í Vodafone Sjónvarpi eru nú yfir 30 talsins og færðust þessar stöðvar sjálfkrafa fremst í stöðvaval viðskiptavina. Markmiðið með breytingunni var að skila viðskiptavinum enn betri upplifun í sjónvarpsþjónustu. Hefur Vodafone lagt mikið kapp á að ná þessari breytingu í gegn enda eru gæði útsendinga mikilvæg.

Team Vodafone ONE hjólar hringinn!



15.-17. júní 2016

Síðastliðið sumar hjólaði 10 manna hópur Vodafone starfsmanna hringinn í kringum landið á þremur dögum. Þetta er þriðja árið í röð sem Vodafone er með lið í WOW Cyclothon keppninni og árið 2016 hét liðið Team Vodafone ONE og var í sérmerktum búningum. Hægt var að fylgjast með hópnum á samfélagsmiðlum.

Team Vodafone ONE kom í mark á tímanum 43:20:42. Liðið var í 45. sæti í B flokki en alls kepptu 92 lið í þeim flokki. Til gamans má geta að Team Vodafone ONE kom fyrst í mark af fjarskiptafyrirtækjunum.

Ekki lítið á sig lagt fyrir gott samband



21. júlí 2016

Okkar menn í radíó eru stöðugt að efla, þétta og stækka dreifikerfi félagsins um land allt og var fjarskiptasamband heilt yfir stórbætt á Ströndum í sumar. Sverri Gíslasyni tókst með miklu harðfyllgi að tryggja sem best samband Vodafone á staðnum. Var hann staðfastur í að tryggja notendum frá stöðinni á Finnbogastaðafjalli 4G þjónustu frá Vodafone, sem fól m.a. í sér að hann gekk upp á fjallið með 2 m langt loftnet á bakinu – úr 100 m hæð í um 570 m hæð.

Er nú komið fínasta 4G samband á svæðinu, m.a. á Hótel Djúpavík, bæði fyrir íbúa Árneshrepps og gesti.

Yfir 600% aukning á notkun í Frakklandi í júní

29. júlí 2016

Símnotkun viðskiptavina Vodafone bar vinsældum landsliðsins okkar í Frakklandi gott vitni en alls mældist ríflega 600% aukning í gagnamagnsnotkun hvers viðskiptavinar á ferð þar á tímabilinu. Eins var líka hringt meira og send sms á milli Frakklands og Íslands en um 90% aukning mældist þar í báðum tilvikum á milli ára.

Aukningin endurspeglar ekki aðeins frábæran árangur landsliðsins en líka þá staðreynd að kostnaður við notkun farsímans erlendis hefur lækkað stórum síðustu misseri. Í auknum mæli nýta viðskiptavinir sér ferðapakka á borð við ONE Traveller sem gefur fólki færi á að vera áhyggjulaust í fríinu með föstu daggjaldi.




4G dreifikerfi til yfir 95% landsmanna

25. ágúst 2016

Á árinu var áhersla lögð á að styrkja 4G þjónustusvæði Vodafone vítt og breitt um landið og náði 4G háhraðasamband félagsins til yfir 95% landsmanna í ágúst. Vodafone er leiðandi á Íslandi í notkun hins langdræga 4G tíðnibands á 800MHz sem gefur viðskiptavinum félagsins framúrskarandi upplifun í notkun á gagnaflutningi í farsímakerfunum, en þjónustusvæði Vodafone er lang stærsta 4G þjónustusvæði landsins og miðanna kringum landið í ferkílómetrum talið.

Á árinu voru nýir sendar meðal annars gangsettir á Vestfjörðum til að anna eftirspurn viðskiptavina eftir auknum gagnahraða í gegnum farsímakerfi.



Ný prentlausn tekin í notkun

5. ágúst 2016

Vodafone tók í gagnið nýja prentlausn sem kallast „Rent a Prent“ í samvinnu við Nýherja. Prentlausnin er umhverfisvæn alhliða prentþjónusta frá Canon sem fellur vel að stefnu Vodafone í samfélagsábyrgð. Til þess að prenta út þarf starfsfólk að ganga að næsta prentara og bera aðgangskortið að prentaranum. Þetta gerir það að verkum að gögn eru ekki prentuð út að óþörfu auk þess sem viðkvæm gögn liggja ekki á glámbekk fyrir allra augum.

Fréttir úr starfseminni

September – desember

Vodafone á Íslandi verðlaunað

30. september 2016

Ráðstefnan Vodafone Partner Markets Enterprise Summit fór fram í Lissabon í haust. Á ráðstefnunni var Vodafone á Íslandi verðlaunað fyrir framúrskarandi samstarf við Vodafone Group.

Fastur liður á ráðstefnunni er að verðlauna Partner Markets fyrirtæki sem þykja hafa staðið sig framúrskarandi vel í samstarfinu við Vodafone Group. Í ár var Vodafone á Íslandi sérstaklega verðlaunað fyrir framúrskarandi framlag (e. Outstanding Contributor) til fjarskiptarisans, með góðu og árangursríku samstarfi sem nær til fjölmargra þátta og þykir það hafa gengið einstaklega vel. Fulltrúar um 80 Partner Markets fyrirtækja Vodafone mættu til Lissabon en Trausti Guðmundsson, forstöðumaður fyrirtækja, veitti viðurkenningunni viðtöku.



Hopster appið komið til Íslands



5. október 2016

Hopster appið kom til Íslands. Fyrr á árinu kynntum við til sögunnar barnaáskriftarveituna Hopster sem inniheldur hundruð teiknimynda úr vinsælum þáttaröðum sem ætlaðar eru áhorfendum á aldrinum 2 til 6 ára. Þættirnir byggja á sérstakri námsskrá sem Hopster vinnur eftir og eru valdir í samráði við sérfræðinga.

Ný hönnun á vodafone.is

13. október 2016


Ný hönnun á forsiðu vodafone.is fór í loftið. Nýrri hönnun er ætlað að auka jákvæða upplifun notenda, bæta farsímahlutann og skapa skýrari aðgreiningu á milli einstaklings- og fyrirtækjamarkaðar sem skilar sér auk þess í einfaldara leiðarkerfi fyrir notendur.



Nýr umboðsaðili í Vestmannaeyjum

20. október 2016

Raftækjaverslunin Geisli tók við sem umboðsaðili Vodafone í Vestmannaeyjum. Framvegis geta viðskiptavinir Vodafone í Eyjum því sótt alla þjónustu, jafnt tæki sem og fjarskiptaþjónustu, í verslun Geisla við Hillmisgötu. Geisli hefur jafnframt tekið við uppsetningum og bilanaviðgerðum fyrir fjarskiptafélagið.



Opin helgi í Cirkus í Vodafone Sjónvarpi

7.-9. október 2016

Vodafone bauð viðskiptavinum sínum með Vodafone Sjónvarp upp á opna helgi í Cirkus. Með aðgengi að Cirkus getur fólk fengið ótakmarkaðan aðgang að hágæða bresku sjónvarpsefni og getur horft á heilu þáttaraðirnar þegar þeim hentar. Úrvalið í Cirkus samanstendur af rúmlega 600 klukkustundum af breskum sjónvarpsþáttum af ýmsu tagi.



Nýr neyðarkall björgunarsveitanna

4. nóvember 2016

Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Landsbjargar og kaupir því stærra útgáfu af neyðarkalli björgunarsveitanna í landssöfnuninni ár hvert en fyrirtækjum stendur til boða að kaupa stærra útgáfu en þá sem seld er til almennings. Hér má sjá Stefán forstjóra og Sturlu, sérfræðing á burðarneti og félagi í Hjálparveit Skáta í Garðabæ, með neyðarkall ársins 2016.



Vodafone og Dropbox í samstarf

8. nóvember 2016


Vodafone og hin þekktu skýjapjónusta Dropbox gerðu með sér samstarfssamning sem felur í sér innifalið geymslupláss fyrir farsímaviðskiptavinum Vodafone. Viðskiptavinum með áskrift að nýjustu farsímaleiðunum hjá Vodafone stendur til boða að fá allt að 100 GB geymslupláss á mánuði í 24 mánuði. Ef fólk er nú þegar með geymslupláss hjá Dropbox bætist innifalið geymslupláss frá Vodafone við núverandi áskrift.

Ný samgöngustefna Vodafone



14. nóvember 2016

Vodafone mótaði sér nýja samgöngustefnu á árinu og kynnti samgöngusamning sem felur í sér að þeir sem nýta vistvænar samgöngur til og frá vinnu hafa kost á að þiggja samgöngustyrk sem ætlað er að létta á kostnaði tengdum þeim ferðum. Að auki er þeim sem ekki hafa kost á því að nýta sér samgöngustyrk boðið að hafa góð áhrif á umhverfið með því að kolefnisjafna eigin samgöngur með landgræðslu.



Opin helgi í Hopster

18.-20. nóvember 2016

Vodafone bauð viðskiptavinum sínum með Vodafone Sjónvarp upp á opna helgi í Hopster. Áskrifendur að Hopster fá einnig aðgang að Hopster appinu sem er talsett á íslensku, líkt og þáttaraðirnar sjálfar. Í appinu geta börnin horft á alla Hopster þættina, ásamt því að læra að skrifa bókstafi, hafið grunnþjálfun í reikningi og teiknað í öruggu og auglýsingalausum umhverfi.

500 Mb/s hraði um ljósleiðara á Norðurlandi

15. desember 2016

Íbúar á Norðurlandi eiga nú möguleika á að fá enn hraðari nettengingu en áður en þeir Norðlendingar sem ná ljósleiðara Tengis geta nú fengið allt að 500 Mb/s. Á þetta m.a. við Akureyri, Dalvík, Þingeyjarsveit, Grenivík og Eyjafjarðarsveit.

Með 500 Mb/s sækja viðskiptavinir okkar gögn á leifturhraða, horfa á myndbönd í bestu mögulegum gæðum og eyða minni tíma en áður í að bíða eftir efni.





– hvorki meira né minna –



Vodafone ONE – smellpassar hverju heimili

Í lok mars kynntum við til sögunnar Vodafone ONE – sem farið hefur sigurför um Evrópu.

Vodafone ONE snýst um að verðlauna þá viðskiptavinir sem velja að sameina fjarskiptin hjá Vodafone. Vodafone ONE hentar öllum, hvort sem fólk býr eitt í heimili, er með stóra fjölskyldu eða einhvers staðar þar á milli.

Hvorki meira né minna!

Við vitum að það sem passar illa, virkar illa. Því bjóðum við fólki að setja saman þær þjónustur sem smellpassa þeirra heimili!

Viðskiptavinir fara á vodafone.is og slá inn upplýsingar um sína fjölskyldustærð, við sjáum svo um að finna út hvaða þjónustur hentar þeirra heimili.

Fleiri þjónustur – meiri ávinningur

Til að geta nýtt sér Vodafone ONE þurfa viðskiptavinir að vera með farsíma- og internetþjónustu hjá Vodafone. Hverri grunnþjónustu fylgir einn ávinningur, þannig að því fleiri grunnþjónustur sem fólk er með því meiri ávinningur fær það.

Sem dæmi getur sá sem er með farsíma-, heimasíma-, internet- og sjónvarpsþjónustu hjá Vodafone fengið ferns konar ávinning. Ávinningurinn getur verið meira gagnamagn í farsíma, tvöfalt gagnamagn í interneti, útländamínútur fyrir bæði farsíma- og heimasíma og síðast en ekki síst ONE Traveller.

ONE Traveller – á ferðalögum í Evrópu og Bandaríkjunum

ONE Traveller er frábær ávinningur sem er aðeins í boði fyrir þá sem eru í Vodafone ONE. ONE Traveller virkar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og er bylting fyrir þá sem vilja upplifa áhyggjuleysi á ferðalögum erlendis og nota símann sinn eins og þeir gera hér heima.

Með ONE Traveller er greitt 690 kr. daggjald og er hægt að hringja ótakmarkað fyrir þá upphæð, senda ótakmörkuð SMS og það sem meira er þá kostar 0 kr. að fá símtal að heiman. Einnig fá viðskiptavinir 500 MB gagnamagn til afnota yfir daginn þannig að það er hægt að nota t.d. Google Maps, Instagram og Facebook auk þess að skoða tölvupóstinn, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af háum reikningi. Ef 500 MB duga ekki fást önnur 500 MB á 690 kr. og þannig koll af kolli. Þannig er hægt að nota símann eins og heima, áhyggjulaus!

Vodafone býður upp á 4G reikþjónustu í yfir 40 löndum og er því enginn munur á því hvernig viðskiptavinir nota símann sinn, hvort sem þeir eru staddir á Íslandi eða á ferðalagi erlendis.

Öflugt dreifikerfi



Öflugust í 4G til sjávar og sveita

Allt frá því uppbygging 4G þjónustuvæðis félagsins hófst fyrir tæpum 4 árum hefur Vodafone lagt sig sérstaklega fram um að byggja upp hámarks dreifingu út um allt land. Auk þess hefur verið unnið ótulllega að því að efla og styrkja háhraða samband Vodafone á hafsvæðinu í kringum Ísland fyrir sjófarendur sem hafa tekið þessari uppbyggingu vel. Vodafone er leiðandi á Íslandi í notkun hins langdræga 4G tíðnibands á 800MHz sem gefur viðskiptavinum félagsins framúrskarandi upplifun í notkun á gagnaflutningi í farsímakerfunum, en þjónustuvæði Vodafone er lang stærsta 4G þjónustuvæði landsins og miðanna í kringum landið í ferkílómetrum talið.

Vodafone veitir úrvals gagnþjónustu yfir farsímakerfi (3G/4G) um allt land, auk öflugssjósambands í kringum landið. Með stöðugri eflingu og uppbyggingu dreifikerfis félagsins hefur áhersla einnig verið lögð á háhraðasamband á ferðamannstöðum.

Á árinu voru til dæmis nýir sendar meðal annars gangsettir á Vestfjörðum til að anna eftirspurn viðskiptavina eftir auknum gagnahraða í gegnum farsímakerfi. 4G þjónusta Vodafone á Ísafirði hefur verið þétt auk þess sem nýr 4G sendir var gangsettur á Patreksfirði. Síðast en ekki síst hefur alveg nýjum fjarskiptastað verið komið upp á Finnbogastaðafalli í Árneshreppi en þaðan

dreifir Vodafone nú 2G og 4G sambandi sem stórbætir farsímasamband, jafnt tal sem og gagnþjónustu, á stóru hafsvæði í Húnaflóa, Reykjafirði, Gjögri, Trékyllisvík og Norðurfirði auk þéttingu og styrkingu merkis í helstu þéttbýliskjörnum landsins.

Nær 4G háhraðasvæði félagsins nú til 96% landsmanna. Áfram verður unnið að frekari uppbyggingu og þéttingu 4G þjónustuvæðis Vodafone og verða fleiri sendar gangsettir/teknir í notkun um landið á næstunni.



Jón Örn Stefánsson
Eigandi Kjötkompanís

Ready Business

Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við fyrirtæki og var árið 2016 þar engin undantekning. Unnið var að innleiðingu á aðferðafræði sem ber yfirskriftina Ready Business og var unnin að forskrift Vodafone Group. Ready Business fór í loftið undir lok október og snýst um að vekja fyrirtæki til umhugsunar um það hvort þau séu samkeppnishæf og tilbúin fyrir framtíðina í því síbreytilega umhverfi sem þau starfa í eða Ready Business.

Í því samhengi geta fyrirtæki nú þreytt svokallað Ready Business próf á vefnum okkar og fengið sína Ready Business

einkunn. Vodafone mun svo nýta þessar niðurstöður til að hjálpa fyrirtækjum að vera enn tilbúnari fyrir framtíðina með þeim frábæru fjarskiptalausnum sem Vodafone býður upp á.

Prófið er einfalt en áskoranirnar eru það hins vegar ekki alltaf. Einkunnin úr prófinu er metin út frá þremur meginþáttum:

1. Starfsemi fyrirtækisins

Með því að gera starfsemi fyrirtækisins sveigjanlegri og öruggari er fyrirtækið betur í stakk búið til að bregðast hraðar

við breytingum á fjarskiptaþörfum og markaðsaðstæðum og þannig ná eða halda forystu á markaði.

2. Starfsmönnum

Með því að virkja starfsmenn sína hvar og hvenær sem er, án þess að auka kostnað eða draga úr öryggiskröfum, getur fyrirtæki orðið afkastameira, bætt virkni og aukið hollustu starfsmanna. Þannig getur það brugðist hraðar við breyttum markaðsaðstæðum.



3. Viðskiptavinum

Með því að gefa viðskiptavinum frelsi til að tengjast fyrirtækinu á þann hátt sem þeir kjósa er hægt að byggja upp sterkara og persónulegra samband.

Eftir að hafa þreytt prófið geta fyrirtæki haft samband við fyrirtækjaráðgjafa Vodafone og fengið metið hvernig hægt er að nota fjarskiptatæknina til að styrkja reksturinn.

Prófið má nálgast á slóðinni readybusiness.vodafone.is.





Lelia Ingram fræðslustjóri Hopster, Nicholas Walters forstjóri Hopster og Daniel Traustason vörubróunarstjóri Vodafone

Stórsókn í sjónvarpsþjónustu Vodafone


Mikil gróska var í sjónvarpsþjónustu Vodafone á árinu 2016. Ötullega var unnið að uppbyggingu Vodafone Sjónvarps ásamt því sem áhersla var lögð á fjölbreytt úrval afþreyingar.

Enn fleiri stöðvar

Á árinu 2016 var áhersla lögð á að styrkja og efla sjónvarpsþjónustu félagsins enn frekar. Erlendar stöðvar eru ekki síst mikilvægur hluti sjónvarpsframboðs Vodafone og áhersla lögð á að bjóða viðskiptavinum ávallt glæsilega stöðvapækka á samkeppnishæfu verði.

Fimm nýir erlendir sjónvarpsstöðvapakkar bættust við þá sem fyrir voru á árinu, þeir innihalda allt að 60 erlendar stöðvar og geta allir viðskiptavinir með Vodafone Sjónvarp gerst áskrifendur. Sjónvarpsstöðvapakkarnir eru sérstaklega hagkvæmir því myndlyklagjald er innifalið í mánaðarverðinu.

Í mars 2016 náði Vodafone beinum samningum við sjónvarpsrisana BBC og Discovery um dreifingu á 11 vinsælum sjónvarpsstöðvum næstu árin, þremur úr smiðju BBC og átta frá Discovery, þar með talið Eurosport stöðvunum vinsælu. Þetta var í fyrsta sinn sem Vodafone semur beint við efnisveitur um línulegar sjónvarpsstöðvar en með þessu tryggir



Vodafone viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu en áður. Í maí kynnti Vodafone enn einn sjónvarpspakkan, stóra erlenda pakkan, sem inniheldur 25 hágæða sjónvarpsstöðvar.

Nýju erlendu sjónvarpspakkanir eru allir glæsileg viðbót við úrval áskriftarpakka sem í boði eru í Vodafone Sjónvarpi.

Vodafone PLAY

Árið 2015 kynnti Vodafone til sögunnar Vodafone PLAY nýja íslenska áskriftarveitu fyrir alla fjölskylduna en Vodafone PLAY var fyrsta efnisveitan sinnar tegundar hér á landi sem er sérhönnuð fyrir íslenskan markað. Í Vodafone PLAY fá viðskiptavinir ótakmarkaðan aðgang að úrvali gæðaefnis, en þar má finna hundruð íslenskra og erlendra kvikmynda, mikið úrval af talsettu barnaefni, tónleika og lesnar sögur. Áskrifendur greiða eitt fast mánaðargjald

fyrir aðgang að veitunni og geta því horft á það sem þá langar, hvenær sem þeim hentar. Vodafone PLAY er hluti af Vodafone Sjónvarpi og því hefur áhorf á efni engin áhrif á gagnamagnsnotkun heimilisins.

Auk Vodafone PLAY eru þresku áskriftarveiturnar Cirkus og Hopster í boði í Vodafone Sjónvarpi.

Cirkus er að hluta til í eigu sjónvarpsrisans ITV og leggur í efnisúrvali sínu áherslu á hágæða drama- og spennuþætti líkt og Bretum einum er lagið að framleiða. Áskrifendur að Cirkus fá nú heilu þáttaraðirnar í einu og geta horft á þær allar á þeim hraða sem þeim hentar. Á meðal efnis sem finna má í Cirkus má nefna Lewis og Poldark með íslensku leikkonunni Heiðu Rún Sigurðardóttur í aðalhlutverki. Barnaefnisveitan Hopster hefur svo

sannarlega slegið í gegn. Hopster inniheldur frábært barnaefni fyrir 2 til 6 ára börn ásamt þroskandi leikjum, sem örva sköpunargleði og þroska yngstu kynslóðarinnar á fyrstu árunum. Mjög er vandað til verka hjá efnisveitunni og sem dæmi er þar ávallt stuðst við álit og þekkingu fjölmargra barnasálfæðinga og þroskaþjálfra við þróun efnisframboðs. Koma þeir meðal annars að því að útbúa svonefnda Hopster-námsskrá. Allt efni sem boðið er upp á í efnisveitunni þarf þannig að uppfylla ströng skilyrði og er enginn afsláttur gefinn í þeim efnum. Viðskiptavinir hafa svo sannarlega tekið Vodafone PLAY opnum örnum en áskrifendum að efnisveitunni fjölga stöðugt.



Leigan

Leigan fylgir gagnvirkri sjónvarpi Vodafone. Með henni fá viðskiptavinir aðgang að þúsundum kvikmynda og sjónvarpsþátta sem þeir geta pantað þegar þeim hentar. Nýjum kvikmyndum er bætt við vikulega, bæði glænýjum kvikmyndum sem koma sjóðheitar út kvikmyndahúsunum og einnig eldri gæðamyndum. Mikill fjöldi titla fæst í háskerpu með fyrsta flokks 5.1 heimabíóhljómgæðum.

Pay per view

Á síðasta ári bættist Pay per view við vöruframboð Vodafone Sjónvarps. Með Pay per view geta viðskiptavinir pantað sér staka íþróttaviðburði sem sýndir eru í beinni útsendingu á sportstöðvum Stöðvar 2. Á meðal íþróttaviðburða má nefna spænsku deildina La Liga, Meistaradeildina, Evrópudeildina og Meistaradeild Cintamani í hestaíþróttum. Í byrjun þessa árs bættist síðan við helgaropnun að Golfstöðinni en þar eru sýnd hin ýmsu golfmót víðs vegar að úr heiminum.

Vodafone PLAY appið

Undir lok árs 2015 kynnti félagið Vodafone PLAY appið til sögunnar – en um er að ræða app fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Með appinu geta áhorfendur horft á línulegar sjónvarpsútsendingar, notað tímavél til að flakka í dagskránni, pantað frelsisefni sjónvarpsstöðvanna, horft á kvikmyndir og barnaefni í áskriftarveitunni Vodafone PLAY, horft á þætti í áskriftarveitunni Cirkus ásamt því að horfa á barnaefni í áskriftarveitunni Hopster.

Þannig gerir appið það að verkum að ekki þarf lengur að binda sig yfir sjónvarpstækinu, heldur er hægt að horfa þegar hentar í gegnum snjalltækið. Appið er í stöðugri þróun en það er í boði fyrir bæði Android og iOS snjalltæki og fánlegt án endurgjalds.

Hopster appið

Hopster appið var kynnt til leiks í október 2016. Appið er svokallað „stafrænt leikherbergi“ þar sem börnin geta vafrað um í öruggu, auglýsingalausum umhverfi

þar sem þau geta valið um að horfa á sjónvarpsþætti, teiknað og leikið sér í þroskandi leikjum. Appið hjálpar börnum m.a. við fyrstu skref stærðfræðinnar auk þess að hjálpa þeim að æfa sig í að skrifa.

Framtíðarhorfur

Það er margt spennandi framundan hjá Vodafone þegar kemur að sjónvarpsþjónustu félagsins. Við munum halda áfram að leggja áherslu á vandað sjónvarpsefni sniðið að okkar viðskiptavinum með fjölbreytt efnisúrval að leiðarljósi. Markmiðið er að gera áhorf viðskiptavina sem þægilegast og einfaldast, þannig að þeir geti horft á efnisframboð Vodafone hvar og hvenær sem er, í bestu mögulegum gæðum.

Haldið verður áfram að styrkja sjónvarpsviðmót Vodafone með það að markmiði að áhorf viðskiptavina okkar verði eins þægilegt og einfalt og kostur er. Við hlökkum svo sannarlega til að takast á við öll þau fjölmörgu spennandi verkefni sem framundan eru í Vodafone Sjónvarpi.



Þóra Björg Clausen rekstrarstjóri Vodafone Sjónvarps





Ingi Björn Ágústsson sérfræðingur í IoT og skýjalausnum Vodafone

Hlutanetsbyltingin (IoT) hefur innreið sína

Mikil þróun hefur átt sér stað á IoT (e. Internet of Things) lausnum á heimsvísu undanfarna mánuði. Margar lausnir hafa litið dagsins ljós og eru tæki og hlutir farin að tala saman í mun meiri mæli en áður.

Hjá Vodafone höfum við séð töluverða aukningu í notkun IoT tækninnar á meðal viðskiptavina og mælt mjög svo aukinn áhuga á tækninni. Sérfræðingar búast við að IoT þjónusta verði helsti vaxtarbroddur fjarskiptafyrirtækja á næstu árum, en spár gera ráð fyrir að allt að 50 milljarðar tækja verði tengd á árinu 2020. Eftir síðastliðði ár er ljóst að sú spá er líklegri en ekki til að verða að veruleika.

Hjá Vodafone höfum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar en við höldum ótraud áfram að kynna og hvetja fólk og fyrirtæki til að nota IoT lausnir. Við bjóðum bæði heildstæðar lausnir eða bara tenginguna sem tæki og hlutir þurfa til að geta talað saman.

Ölgerðin er dæmi um fyrirtæki sem á í samstarfi við Vodafone um IoT lausn. Í starfsemi á borð við Ölgerðarinnar rýrna vörur fyrir talsverðar upphæðir árlega

vegna óvæntra hitabreytinga í kæli- og frystiskápum. Mikilvægt er að lágmarka slíka rýrnun sem mest og helst komast fyrir hana með öllu. Fyrir nokkru var prófað að tengja fyrrnefnda skápa við rauntímaeftirlitskerfi Vodafone sem hefur síðan verið til reynslu. Með slíkri rauntímaavöktun gefur kerfið sem dæmi aðvörun um leið og hiti fer út fyrir ákveðin vikmörk. Einnig má nálgast ýmsar aðrar upplýsingar eins og birgðahald, staðsetningar skápa, hversu oft hurð er opnuð, stöðu á kælipressu o.m.fl.



Mikill hagur í samstarfi við Vodafone Group

Samstarf Vodafone á Íslandi við Vodafone Group getur reynst íslenskum fyrirtækjum mikilvægt. Vodafone Group er skilgreint með markaðslega leiðandi stöðu á IoT markaðnum í Evrópu og ætlum við okkur að feta fast í fótspor þessarar góðu fyrirmyndar og vera leiðandi aðili í IoT þjónustu á Íslandi en þar geta nýsköpun og íslenskir frumkvöðlar spilað lykilhlutverk. Í dag bjóða viðskiptavinir Vodafone hér á landi ýmsa IoT tengda þjónustu eins og greiðslumiðlanir, flotastýringu, ferilvöktun, hitastigsmælingar, fjarmælingar og ýmsa aðra þjónustu. Vodafone hefur hug á því að vinna nánar með viðskiptavinum sínum og nýsköpunarflórinni á Íslandi að framsæknum IoT lausnum.

Morgunverðarfundir um IoT

Vodafone stóð í árslok 2016 fyrir morgunverðarfundinum „IoT byltingin er hafin – Hvernig hefur hún áhrif á þig?“ en við sama tilefni kynnti Vodafone á Íslandi nýtt fullkomið stýringartól sem fylgir snjallkortum sem fyrirtækið hefur hafið sölu á og ætluð eru fyrir IoT tengingar. Samstarf við Vodafone Group í IoT málum hefur þannig dýpkað enn frekar og heldur Vodafone áfram að halda morgunverðarfundum um ólíkar víddir IoT byltingarinnar.

Aðalfyrirlesari á fundinum var Cyril Deschanel, yfirmaður IoT mála hjá Vodafone Group í Norður-Evrópu. Flutti hann erindi um þróun IoT á heimsvísu þar sem hann kom m.a. inn á áhugaverð dæmi þar sem IoT hefur þegar skilað fyrirtækjum árangri í rekstri. Einnig fóru fram pallborðsumræður þar sem m.a. var rætt hvernig IoT er nú þegar komið í notkun á Íslandi, hver ávinningurinn af því sé og hvernig tæknin er að þróast.

Stýringartól sem eykur yfirsýn

Líkt og áður sagði getur Vodafone á Íslandi í samvinnu við Vodafone Group nú boðið upp á snjallkort sem fylgir fullkomið stýringartól yfir allar IoT tengingar fyrirtækis. Með því er hægt að fylgjast með notkun sem og stjórna virkni tenginga svo fátt eitt sé nefnt.

Með auknu samstarfi við Vodafone Group nýtur Vodafone á Íslandi mikils stuðnings auk þess að hafa aðgang að viðamikilli þekkingu um hina ýmsu notkunarmöguleika IoT sem hentað gætu fyrirtækjum. Þar má nefna aðgang að reynslusögum frá erlendum fyrirtækjum sem hafa nýtt sér ákveðna möguleika sem og beinan stuðning erlendra sérfræðinga.

1000 MB/s



Öflugasta nettenging landsins

Í ágúst tók Vodafone enn eitt skrefið í að bæta upplifun viðskiptavina þegar farið var að bjóða upp á hröðustu nettengingu landsins í samstarfi við Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) - **1000 Mb/s** yfir ljósleiðara - en með 1000 Mb/s sækja viðskiptavinir gögn á ofurhraða, horfa á myndbönd í bestu mögulegum gæðum og eyða minni tíma en áður í að bíða eftir efni.

Fjölgun snjalltækja inni á heimilum og afþreyingarefni sem horft er á yfir internetið krefst sífellt aukins hraða og kallar á enn meiri bandvidd en áður. Efnisveitur á borð við Netflix og YouTube leggja mikla áherslu á aukin gæði á öllu myndefni og nýtur 4K myndefni þessara veitna sín í botn með meiri hraða sem aftur skilar upplifuninni enn betur heim í stofu.

Vodafone hefur það að leiðarljósi að bjóða viðskiptavinum upp á það besta sem í boði er hverju sinni og er þetta enn einn áfanginn á þeirri vegferð.



Teymi Ferðasjárinna er þátttakandi í Startup Tourism 2017



Teymi Ice Yoga sem er þátttakandi í Startup Tourism 2017



Teymi Sólvangs Horse Center sem er þátttakandi í Startup Tourism 2017

Vodafone í nýsköpun

Hjá Vodafone höfum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar með stuðningi við nýsköpun með ýmsum hætti og þannig veitt nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum brautargengi.

Startup Iceland og Stökkpallurinn

Í upphafi árs 2016 styrkti félagið og tók þátt í Startup Iceland ráðstefnunni sem fram fer í maí ár hvert, en Startup Iceland fór fram í fimmta sinn í fyrra.

Ný viðskiptaþróunarkeppni, Stökkpallurinn, var kynnt til sögunnar. Ein stærsta hindrunin sem mætir frumkvöðlum með lífvænlega vöru er að stíga skrefið frá vöruþróun yfir í að vera skalanlegt tekjuskapandi fyrirtæki og Stökkpallurinn miðar þannig að því að aðstoða íslenska frumkvöðla við að stíga skrefið með hraðan vöxt á alþjóðavísu að markmiði.

Í Stökkpallinum geta öll nýsköpunarfyrirtæki og/eða frumkvöðlar sótt um þátttöku. Allt að fimm þátttakendur

eru valdir úr hópi umsækjenda og fá tækifæri til að koma hugmynd að vöru á markað í samvinnu við Vodafone. Lagt er mat á möguleika til sölu og markaðsetningar í samvinnu við frumkvöðla. Uppfylli vara þær kröfur sem gerðar eru getur frumkvöðlinum boðist dreifingarsamningur um að koma henni á framfæri innan sölunets Vodafone á Íslandi. Virði þessa fellst í að skapa tekjur til frekari þróunar auk þess að sýna fram á virði vöru með tilvísun í árangur sem nýta má til sóknar á alþjóðlegum markaði. Opnað var fyrir umsóknir í Stökkpallinn



Arnar Bentsson sérfræðingur í nýsköpun hjá Vodafone

Í aprílbyrjun og var mikil ánægja með gæði þeirra umsókna sem bárust. Sjö teymi voru kölluð til viðtala og fjögur verkefni valin til áframhaldandi samstarfs, en þau voru kynnt á Startup Iceland ráðstefnunni. Sérfræðingar Vodafone og Startup Iceland störfuðu náið með og aðstoðuðu þau teymi sem valin voru til þátttöku við að koma vörum sínum á markað og hjálpuðu bæði lausnum og verkefnum að vaxa. Teymin voru verðlaunuð með veglegum peningagjöfum og fjarskiptastyrk. Vert er að taka fram að Vodafone fer ekki fram á

eignarhluta í viðkomandi fyrirtækjum en slík nálgun er sjaldgjæf á Íslandi í dag.

Startup Tourism

Á haustmánuðum 2016 fór viðskipta-hraðallinn Startup Tourism af stað í annað sinn en Vodafone er stofnaðili og þátttakandi að hraðlinum. Tilgangur Startup Tourism er að styðja við nýsköpun í ferðaþjónustu víðs vegar um landið, allan ársins hring. Til að vekja athygli á hraðlinum voru haldnir kynningarfundir víðsvegar um landið í samstarfi við Íslenska ferðaklasann

og Icelandic Startups. Alls sóttu 94 hugmyndir um þátttöku að hraðlinum og voru 10 hugmyndir valdar úr þeim. Á tímabilinu 16. febrúar til 28. apríl 2017 mun hraðallinn sjálfur fara fram undir dyggri handleiðslu Icelandic Startups sem hefur veg og vanda af framkvæmd hraðalsins.



STARTUP
TOURISM



Helen Breiðfjörð mannaútsjóri Vodafone

BESTA vinnuumhverfið

Nýjar höfuðstöðvar

Um mitt ár 2016 var öll starfsemi Vodafone flutt úr Skútuvogi í tímabundið húsnæði í Ármúla vegna myglu í fyrrum höfuðstöðvum. Jafnframt var tekin ákvörðun um að flytja framtíðarhöfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8.

Vinna við nýjar höfuðstöðvar hefur verið í fullum gangi síðan en um er að ræða rúmlega 4.600 m² á sex hæðum þar sem hvert rými er sérhannað með þarfir félagsins og starfsmanna í huga.

Stefnt er að því að hefja starfsemi í húsinu nú í vor og ríkir mikil tilhlökkun meðal starfsmanna félagsins að hefja störf í nýju framtíðarhúsnæði.

BESTA vinnuumhverfið

Flutningur starfseminnar að Suðurlandsbraut 8 markar nýtt upphaf hjá Vodafone og innleiðingu á nýju, nútímalegu og sveigjanlegu vinnuumhverfi. Better ways of working eða BWOW er hugmyndafræði sem Vodafone Group hefur innleitt víðsvegar um heiminn á síðustu árum. Ákveðið var að innleiða þessa hugmyndafræði í nýjum höfuðstöðvum Vodafone á Íslandi en hugmyndafræðina köllum við BESTA vinnuumhverfið.

Undanfarin ár og áratugi hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaði. Tímarnir hafa breyst, tæknin þróast og auknar kröfur varðandi sveigjanleika, heilsu og öryggi starfsmanna verið gerðar. Mörg fremstu fyrirtæki heims hafa í kjölfarið gert breytingar á starfsumhverfi sínu og skapað þannig nýja fyrirtækjamenningu með ávinning starfsfólks og fyrirtækisins í heild að leiðarljósi.

Fjöl margar ástæður liggja að baki því að ákveðið var að innleiða BESTA vinnuumhverfið hjá Vodafone á Íslandi. Um leið og við hagræðum í rekstri og nýtum plássið betur gefst tækifæri til að stórbæta vinnuaðstöðu starfsmanna.



Höfuðmarkmiðið með innleiðingu BESTA vinnuumhverfisins er að skapa hvetjandi og hagkvæmt vinnuumhverfi sem virkjar starfsfólk til sköpunar og samvinnu þvert á teymi. Við trúum því að BESTA vinnuumhverfið sé grundvöllur að velgengni fyrirtækisins, hjálpi okkur að ná markmiðum okkar og búi starfsfólki um leið framúrskarandi vinnuaðstöðu.

Við erum leiðtogi í að skapa nútímalegt vinnuumhverfi og verða ný og vönduð húsgögn tekin í notkun en við val á þeim voru þægindi og heilsa starfsmanna höfð að leiðarljósi ásamt niðurstöðum úr greiningu á því hvernig við vinnum. Þá var sérstaklega hugað að því að tryggja góða hljóðvist, lýsingu og loftgæði en allt eru þetta mikilvægir þættir sem hafa áhrif á líðan starfsfólks í vinnunni.

BESTA vinnuumhverfið er opið vinnurými. Þar eru engar skrifstofur en nóg af fundarherbergjum, verkefnaherbergjum og annars konar vinnuaðstöðu. Við horfum á það hvernig teymi vinna saman en ekki hvernig skipuritið er uppsett. Í BESTA vinnuumhverfinu á enginn sína föstu starfsstöð en til þess að sporna við

soun og stytta boðleiðir hefur einingum fyrirtækisins þó verið styllt upp á ákveðna staði í húsinu. Þannig sitja teymi sem vinna mikið saman á sama svæði.

BESTA vinnuumhverfið er sveigjanlegt vinnuumhverfi þar sem allir eiga að geta fundið sér vinnuaðstöðu sem hentar þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Sýnt hefur verið fram á að með sveigjanlegu vinnuumhverfi aukist framleiðni starfsmanna. Stundum þurfum við næði til að vinna nákvæmnisvinnu, stundum þurfum við aðstöðu til að vinna saman í hópi, stundum þurfum við að vinna með fólki úr öðrum teyimum og stundum langar okkur hreinlega bara til að skipta um umhverfi. Þess vegna viljum við bjóða upp á fjölbreytt starfsumhverfi.

Innleiðing BESTA vinnuumhverfisins er einnig liður í því að nútímaaðstaða vinnustaðinn. Í því felst að nýta okkur nýjustu tækni hvar sem því verður við komið en einnig að hverfa frá hefðbundnum hugmyndum um skrifstofurými og feta nýjar slóðir.

Við teljum að við innleiðingu BESTA vinnuumhverfisins verði Vodafone enn meira aðlaðandi vinnustaður sem eykur samkeppnishæfni okkar um starfskrafta. Á sama tíma bætum við ímynd fyrirtækisins og upplifun viðskiptavina okkar en við trúum því að ánægt starfsfólk skapi ánægða viðskiptavini.

Vodafone er stoltur styrktaraðili Landsbjargar





Vodafone One Net Business

Vodafone kynnti með stolti í október Vodafone One Net Business, alþjóðlega lausn sem farið hefur sigurför um heiminn. One Net Business er skýjalausn sem samþættir fastlínu, farsíma, starfstöð og snjalltæki að fullu í einu einföldu umhverfi. Það skiptir ekki máli hvort starfsmenn eru 1 eða 1.000 þar sem lausnin hentar ólíkum fyrirtækjum. Möguleikarnir eru endalausir, fyrirtækin velja það sem hentar og Vodafone sérsníðir að þörfum hvers starfsmanns.

Með One Net Business virkar eitt símanúmer á sama tíma í öllum tækjum. Þannig skiptir ekki máli hvar fólk er né við hvaða símtæki, það missir aldrei af símtali.

Fólk hringir og móttækur símtöl úr því tæki sem er við höndina hverju sinni og að auki er hægt að láta tækin hringja samtímis, símtöl flytjast á milli tækja ef ekki er svarað - allt eftir því hvað hentar best. Viðskiptavinir komast strax í samband við réttan aðila, með svokölluðum veiðihópum sem sjálfvirk flytja símtölin á milli starfsmanna eftir því hver er til þjónustu reiðubúinn. Auðvelt er síðan að stýra virkni símkerfisins og geta starfsmenn sjálfir stýrt sínum símtölum og stöðu bæði í farsíma appi og í handhægu vefviðmóti. Einnig er hægt að nýta samvirkni við Office 365 og Skype for Business sem hluta af samskiptatólum.

Með One Net Business eru hámarksgæði lausnarinnar tryggð og á sama tíma lágmarksútsýsla fyrir fyrirtæki. Sérfræðingar Vodafone sjá alfarið um rekstur og umsjón símkerfisins og viðskiptavinir þurfa ekki að kaupa neinn búnað.



Vodafone Connect

Hotspot nettenging er löngu orðin ein af helstu þjónustukröfum gesta á kaffihúsum, hótelum og öðrum stöðum þar sem fólk vill nota snjalltæki sín eða fartölvur. Vodafone Connect er hotspot lausn sem er öflug, hagkvæm og örugg í takt við væntingar netnotenda í dag og hentar vel þeim fyrirtækjum sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á þráðlaust net.

Innskráningarsíða í útliti þíns fyrirtækis

Innskráningarsíðu Vodafone Connect má sníða að útliti fyrirtækja og þar geta notendur skráð sig inn á þráðlausa netið með þeim innskráningarmöguleikum sem valdir hafa verið fyrir fyrirtæki viðskiptavinarins. Innskráningarmöguleikana velur fólk allt eftir því hvað hentar fyrirtæki þess.

Gagnlegar markaðsupplýsingar

Með Vodafone Connect geta fyrirtæki safnað gagnlegum markaðsupplýsingum á borð við netfang og símanúmer sem notendur þjónustunnar gefa upp við innskráningu. Reglulegar skýrslur með upplýsingum um notendur hjálpa fyrirtækjum að tengjast viðskiptavinum.

Öflugt samband og örugg tenging

Öflug nettenging og afkastamikill eldveggur tryggja að notendur þjónustunnar séu í traustu sambandi. Innbyggð virkni eldveggisins tryggir öryggi notenda og er hann búinn öflugri efnissíu sem hægt er að stilla allt eftir þörfum fyrirtækisins, vírusvörn og tryggir hann aðskilnað tengdra notenda, svo dæmi séu nefnd.



Stefán Sigurðsson forstjóri Vodafone og Bernard Agis-Garcin þjónustustjóri hjá Vodafone Group

Vodafone býður fyrst allra alþjóðlega fyrirtækjapjónustu

Sumarið 2016 gerðist Vodafone á Íslandi fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum Vodafone Group til að bjóða íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi fjarskiptalausnir bæði hér á landi sem og erlendis. Það sama á einnig við um erlenda viðskiptavinum Vodafone Group sem hafa eða hyggja á starfsemi hér á landi. Vodafone er eina fyrirtækið á Íslandi sem getur boðið þessa þjónustu í krafti samstarfs síns við Vodafone Group.

Hagkvæmni og góð þjónusta

Um er að ræða nýja alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group sem gerir íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum. Sérstakur

þjónustustjóri sér um að uppfylla mismunandi þarfir fyrirtækis og starfstöðva þess utan landsteinanna, á einum stað í stað margra áður, sem tryggir hágæða þjónustu jafnt á starfstöðvum heima sem og utan landsteinanna. Auðveldar þetta fyrirkomulag þannig alla yfirsýn yfir notkun en með því er hægt að tryggja bæði hagkvæmni og góða þjónustu með einfaldari innkaupum og samræmi í samningagerð. Þannig er hægt að veita jafnt stórum sem smærri fyrirtækjum tækifæri til að njóta hagstæðari kjara og annarrar þjónustu innan alþjóðlegs nets Vodafone Group, en þjónustan er nú þegar í boði í yfir 100 löndum. Til að byrja með er um að ræða alþjóðlega farsímþjónustu en aðrar tegundir fjarskipta verða hugsanlega í boði síðar.

Þróað í samstarfi við Össur og Eimskip

Nokkur fyrirtæki úr hópi viðskiptavina Vodafone á Íslandi komu að þróun þessarar alþjóðlegu þjónustu Vodafone Group. Á meðal þeirra voru stoðtækjafyrirtækið Össur og Eimskipafélag Íslands. Þetta samstarf spilaði mikilvægan þátt við þróun þessarar alþjóðlegu lausnar, en Vodafone á Íslandi var fyrsta samstarfsfyrirtæki Vodafone Group til að gerast opinber söluaðili hennar. Vodafone á Íslandi getur nú einnig verið öðrum fjarskiptafélögum undir merkjum Vodafone innan handar við að þjónusta þeirra viðskiptavini sem hyggja á starfsemi hér á landi.



Víðtæk ISO-vottun

Fyrsta árlega endurúttekt ISO-27001 vottunar Vodafone fór fram á árinu 2015. Félagið endurnýjaði vottunina árið 2016 auk þess sem það stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á öryggi fjarskiptaumferðarupplýsinga. Staðfestist þar að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist áfram hinum alþjóðlega staðli. Vottunin tekur til alls fyrirtækisins og er ein sú víðtækasta hjá íslenskum fjarskiptafélögum.

Vottun Vodafone á Íslandi samkvæmt ISO-27001 staðlinum felur í sér formlega viðurkenningu á því að hjá félaginu sé upplýsingaöryggi stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum og fagleg vinnubrögð viðhöfð í hvívetna. Vottunin tryggir jafnframt stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum og veitir þannig jákvætt aðhald.

Vodafone hlaut upphaflega vottun samkvæmt ISO-27001 staðlinum í júlí 2014 að undangenginni formlegri úttekt, sem er endurtekin árlega. Endurvottunin á árinu 2015 var hins vegar enn víðfemari

en sú upphaflega og nær vottunin nú líka til stjórnkerfis upplýsingaöryggis fyrir verslanir, sjónvarp, radiódeild, einstaklings- og heildsölu Vodafone – til viðbótar við farsíma-, landlínu- og netþjónustu fyrirtækisins áður.

Endurúttektin var í höndum The British Standard Institution (BSI), sem rýndi m.a. í vinnulag, virkni og ferla innan fyrirtækisins, þ.á.m. vinnulag við skráningar, vinnslu, geymslu og eyðingu gagna auk fjölda annarra þátta í starfsemi.

Víst er að áherslan á upplýsingaöryggismál er viðvarandi og eitthvað sem enginn afsláttur er gefinn á hjá félaginu. Útvíkkun vottunarinnar var m.a. liður í þessari vinnu sem skilar sér í einni víðtækustu ISO-27001 vottun fjarskiptafélaga á Íslandi. Áfram mun lögð mikil áhersla á það hjá Vodafone að vera ætíð í fararbroddi varðandi faglega og ábyrga stýringu upplýsingaöryggismála.

Þann 21. desember 2016 upplýsti Póst- og fjarskiptastofnun félagið um að það hefði staðist með sóma úttekt stofnunarinnar á öryggi og meðferð fjarskiptaumferðarupplýsinga.

VIÐ ERUM FÉLAGAR



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ VODAFONE

Vodafone sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskiptafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Við leggjum okkar af mörkum við uppbyggingu og framþróun samfélagsins með því að veita mikilvæga þjónustu og stuðla að virkri samkeppni á markaðnum. Þrjú gildi marka athafnir okkar og ákvarðanir en þau eru; rautt, frumkvæði og ábyrgð. Við stundum ábyrgja stjórnarhætti og vinnum eftir skýrum siðareglum með hagsmunum viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa og samfélagsins alls að leiðarljósi. Gagnsæi er haft að leiðarljósi þannig að hagsmunaaðilar geti fylgst með okkur og haft áhrif á það hvernig við vinnum með samfélaginu.

Samfélagsábyrgð félagsins skiptist í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlítu. Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila. Við leggjum einnig áherslu á aukna sjálfbærni og leggjum mikið upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags auk þess sem við störfum í hlítu við íslensk lög, reglur og almenn viðmið.

SAMEIGINLEGT VIRÐI

Við leggjum okkur fram við að hafa jákvæð áhrif á umhverfið sem við störfum í og samfélagið allt og skapa þannig snjallara samfélag.

Nýsköpun

Vodafone er hluti af alþjóðlegri heild og starfar í alþjóðlegu umhverfi sem veitir ákveðið forskot varðandi gæði og nýsköpun og er áhersla lögð á gott samstarf við Vodafone Group.

Við styðjum við og vinnum með íslenskum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum og hefur félagið komið að ýmsum nýsköpunarverkefnum á mismunandi þroskastigum. Nýsköpun í vöru- og þjónustuframboði Vodafone skapar bæði aukið virði fyrir félagið og samfélagið sem við störfum í. Dæmi um nýsköpunarverkefni sem Vodafone hefur tekið þátt í má finna í Internet of Things (IoT) lausnum sem fara ört vaxandi þessi misserin.

Vodafone er þátttakandi í klasasamstarfi Íslenska sjávarklasans. Klasinn er drifkraftur nýrra hugmynda og stuðlar að öflugum samstarfi fyrirtækja og frumkvöðla í sjávarútvegi og haftengdri starfsemi.

Vodafone er samstarfsaðili Startup Iceland ráðstefnunnar og stofnaði í því samhengi viðskiptaþróunarkeppnina Stökkpallinn sem haldin var í fyrsta skipti árið 2016 í tengslum við Startup Iceland ráðstefnuna. Markmið Stökkpallsins er að styðja við nýsköpun í tæknigeiranum á Íslandi og aðstoða frumkvöðla við að koma lausnum sínum á markað.

Vodafone var einn af stofnaðilum viðskiptahraðalsins Startup Tourism, en honum er ætlað að styðja uppbyggingu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið, allt árið um kring.

Innviðir og öryggi

Vodafone veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks ásamt rekstri fyrirtækja og stofnana. Í því samhengi er vert að nefna að allir helstu viðbragðsaðilar landsins eru í viðskiptum sem er góð viðurkenning á styrk innviða Vodafone. Meðal samstarfsaðila má nefna Neyðarlínuna,



Landsbjörg, Landhelgisgæsluna og Almannavarnir og leggur fyrirtækið mikla áherslu á þróun í samstarfi við þessa aðila sem styrkir innviði og öryggi á Íslandi.

Vodafone er stöðugt að auka við og bæta þjónustu sína, og má í því skyni nefna uppbyggingu sjónvarpsþjónustu félagsins og 4G þjónustusvæði þess, sem er yfir 157.000 km² og nær nú til 96% landsmanna. Áhersla hefur einnig verið lögð á uppbyggingu 4G kerfisins sem eykur öryggi sjófarenda ásamt því að halda áhöfnum fiskveiðiflotans vel tengdum við umheiminn. Einnig hefur áhersla Vodafone á 4G reikisamninga í samvinnu við Vodafone Group, samhliða áherslum félagsins á 4G dreifingu í dreifbýli, þýtt öfluga þjónustu fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi sem aftur styður við ferðaþjónustuna.

Vodafone hefur sett sér stefnu varðandi upplýsingaöryggi og leitast félagið eftir opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila. Félagið leitast við að lágmarka persónuupplýsingar sem falla

til í starfsemi auk þess að skilgreina nákvæmlega rafræn spor viðskiptavina og standa vörð um þær upplýsingar.

Innan Vodafone er starfandi vinnuverndarhópur um öryggi starfsmanna. Hjá fyrirtækinu er einnig starfandi gæða- og öryggisráð sem veitir skýra leiðsögn og sýnilegan stuðning við frumkvæði í öryggismálum. Öflug öryggisfræðsla er innan Vodafone og gerðar eru reglulegar úttektir á öryggisvitund starfsmanna. Við framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nota starfsmenn ávallt viðeigandi öryggisbúnað, sýna varkárni og framfylgja öryggisreglum í hvívetna.

Öll starfsemi Vodafone er vottuð samkvæmt ISO/IEC 27001:2013 upplýsingaöryggisstaðlinum og er vottunin sú umfangsmesta íslenskra fjarskiptafyrirtækja.

Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hefur átt farsælt samstarf við samtökin í gegnum árin. Við erum stolt af því að styðja ríkulega við

bakið á þeim þúsundum sjálfbóðaliða sem eru til taks fyrir okkur Íslendinga og aðra, hvar og hvenær sem er.

Samskipti og fræðsla

Hlutverk Vodafone er að auka lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. Þjónustustefnu er fylgt innan fyrirtækisins ásamt því sem þjónusta er mæld reglulega og gefst viðskiptavinum þannig kostur á að aðstoða fyrirtækið í að gera enn betur. Góð samskipti eru forsenda góðrar þjónustu og viljum við leysa vandamál áður en þeirra verður vart. Við nýtum samfélagsmiðla og stafræna tækni til að koma upplýsingum á framfæri ásamt því sem við viljum auka sjálfvirkni í þjónustu. Við gerum viðskiptavinum okkar meðal annars kleift að fylgjast með nákvæmum upplýsingum um notkun sína í gegnum Mínar síður, Vodafone appið, 1414 og í gegnum netspjall.



Við leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið með því að leggja okkur fram um gagnsæi í öllum okkar störfum. Við trúum því að góð og örugg samskipti bæti lífið og leiðbeinum viðskiptavinum okkar um örugga notkun snjalltækja og góð samskipti á netinu. Við höfum í því samhengi lagt sérstaka áherslu á öryggi barna og höfum meðal annars tekið höndum saman við Heimili og skóla og SAFT með að markmiði að miðla upplýsingum og fræðslu til foreldra, til að stuðla að öruggum og góðum samskiptum á netinu. Félagið hefur einnig boðið upp á fyrirlestra tengda öryggi og almennri fræðslu varðandi stafræn samskipti.

Á árinu 2016 unnum við áfram með Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur að fræðslu fyrir foreldra undir heitinu „Ber það sem eftir er“ þar sem foreldrar voru fræddir um sexting og hrelliklám ásamt því sem farið var yfir ýmis heilræði í þeim efnum. Fræðslan hafði áður farið fram í skólum víða um land en að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á landsbyggðina. Vefsíða Vodafone inniheldur auk þess ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi góð og örugg samskipti.

Vodafone hefur ávallt lagt áherslu á að leggja góðum málefnum lið og láta gott af sér leiða. Í því samhengi styrkir Vodafone vel valin samfélagsleg verkefni í takt við stefnu fyrirtækisins. Þannig nýtur samfélagið góðs af starfsemi Vodafone. Vodafone er til dæmis styrktaraðili fyrir UNICEF, UN Women og Landsbjörg og hefur veitt þessum aðilum aðgang að úthringiveri sínu við landsaffnanir sem starfsfólk Vodafone hefur einnig unnið

sjálfbóðaliðastarf í tengslum við.

Á árinu 2016 hleypti Vodafone Fjarskiptastofnuninni, nýju samfélagsverkefni, af stað. Á hverju ári mun Vodafone úthluta allt að 100 tengingum til uppbyggingarverkefna sem bæta íslenskt samfélag, svo sem nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarrar mikilvægrar uppbyggingar. Úthlutað er úr Fjarskiptastofnuninni tvisvar á ári, í mars og september til verðugra málefna, en hægt er að sækja um styrk í gegnum vefsíðu Vodafone. Meðal þeirra verkefna sem fengu styrk má nefna flóttamannafjölskyldur sem komu hingað til lands í á árinu 2016, með aðstoð Rauða krossins, Erindi samtök um samskipti og skólamál, þátttakendur í Stökkpallinum og Startup Tourism auk ýmissa nýsköpunarfyrirtækja/-verkefna.

SJÁLFBÆRNI

Við leggjum áherslu á sjálfbærni með tilliti til mannauðs, umhverfis og efnahags.

Mannauður

Stefna Vodafone er að gæta jafnréttis á öllum sviðum. Jafnréttismál eru félaginu hugleikin og gætt er að því að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþátta, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta. Umburðarlyndi er ríkjandi þáttur í samskiptum á vinnustaðnum.

Jafnréttisnefnd er starfrækt innan fyrirtækisins auk þess sem fyrirtækið hefur markað sér jafnréttisáætlun í samstarfi við Jafnréttisstofu. Áætlunin er í samræmi

við ákvæði laga nr. 10/2008 sem á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum. Fyrirtækið hefur einnig farið í gegnum jafnlaunaúttekt hjá PWC þar sem nákvæm greining á stöðu launamála var könnuð eftir kyni með að markmiði að útrýma launamisrétti.

Fræðsla, þjálfun og þekkingarmiðlun er mikilvægur hluti af starfsemi Vodafone. Starfsmenn eiga kost á að afla sér fræðslu og þekkingar sem miðar að því að auka hæfni þeirra í starfi og efla hæfileika þeirra til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni í síbreytilegu starfsumhverfi. Unnið er eftir fræðsluáætlun hjá fyrirtækinu ásamt því sem markviss nýliðafræðsla á sér stað í upphafi starfs í gegnum Vodafone UNI.

Áhersla er lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Við leitumst við að finna þann milliveg sem hámarkar afköst og starfsánægju. Framkvæmdar eru árlegar vinnustaðagreiningar til að sjá hvað gengur vel og hvað má fara betur og eru niðurstöðurnar nýttar til að gera enn betur.

Við stöndum vörð um heilsu, öryggi og vellíðan starfsmanna og eru allir hvattir til að huga að heilsunni með því að hreyfa sig, borða hollan mat, vinna bug á streitu og vera meðvitaðir um mikilvægi andlegrar heilsu.

Umhverfi

Það er stefna Vodafone að lágmarka neikvæð áhrif félagsins eins og kostur er á umhverfið og samfélagið í heild.



Vodafone rekur öflugt fjarskiptakerfi um allt land. Við höfum einsett okkur að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Stofnun Sendafélagsins, samrekstrarfélags með Nova, um rekstur farsímadreifikerfa félaganna var liður í þessari stefnu en með því náum við að samnýta senda og auka þannig hagræði ásamt því að minnka skaðleg umhverfisáhrif sem og sjónmengun.

Við lágmörkum notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er. Starfsfólk er hvatt til að nýta sér fjarfundabúnað þar sem því verður við komið til að lágmarka mengun sem hlýst af ferðalögum jafnt innan lands sem utan.

Vodafone hefur sett sér það markmið að flokka allt sopp sem fellur til í starfsemiinni, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónaúðsynlegri urðun á sorpi.

Til að hvetja til endurvinnslu og endurnýtingar á gömlum símtækjum býður Vodafone viðskiptavinum að skila slíkum tækjum í verslanir. Símtæki í þokkalegu standi kaupir GEMSA oft af viðskiptavinum og kemur áfram til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu með að markmiði að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta auk þess að hvetja starfsfólk til að nýta sjálfbæra ferðamáta við leik og störf.

Árið 2015 skrifuðum við undir Loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og höfum í því samhengi sett okkur ákveðin markmið í loftslagsmálum. Miðast þau að því að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor okkar.

Árið 2012 hóf Vodafone að senda reikninga til viðskiptavina á rafrænu formi til að draga úr pappírssóun. Í dag fá flestir viðskiptavina reikninga á því formi en aðeins 10,3% reikninga eru nú prentaðir. Umhverfisvæn prentlausn, „Rent a Prent“, dregur einnig úr pappírnotkun innan fyrirtækisins.

Efnahagur

Fyrirtæki þurfa að tileinka sér það viðhorf að þau geti haft jákvæð áhrif á samfélagið á sama tíma og viðskiptalegum árangri er náð. Samfélagsábyrgð snýst því ekki eingöngu um það hvernig fyrirtæki ráðstafa hagnaði sínum heldur einnig hvernig þau starfa, til að ná fram tilteknum hagnaðarkröfum.

Það er markmið Vodafone að félagið sé rekið með hagnaði og ráðdeild. Mikil áhersla er lögð á fyrirtækið sé rekið á sem skilvirkastan hátt og að ávallt sé leitað bestu tilboða í þær auðlindir sem notaðar eru án þess þó að það komi niður á gæðum. Notaðar eru samræmdar innkaupaáðferðir fyrir heildina til að tryggja yfirsýn og njóta stærðarhagkvæmni. Þannig er virði samninga hámarkað, fjárfestingar- og rekstrarkostnaður lækkaður, áhætta lágmörkuð og hagnaður þannig aukinn. Vodafone hefur ennfremur notið góðs af því að geta gengið að og notið kjara sem Vodafone Group hefur náð á alheimsvísu.

HLÍTNI

Vodafone hefur komið sér upp gildum, ferlum og skipulagi til að koma í veg fyrir að félagið valdi skaða með starfsemi sinni.

Vodafone stundar ábyrga stjórnarhætti með að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi. Fylgir félagið þar viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Stjórnarhættir Fjarskipta hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar.

Vodafone vinnur eftir skýrum siðareglum með hagsmunum viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa sem og samfélagsins alls að leiðarljósi. Siðareglur Vodafone fela í sér siðferðisleg viðmið starfsmanna og leiðbeiningar um viðbrögð við siðferðislegum álitamálum. Fyrirtækið virðir einkalíf viðskiptavina í einu og öllu og hefur persónuverndarsjónarmið í huga þegar vörur og þjónustur eru þróaðar.

Árin 2014, 2015 og 2016 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Vodafone viðurkenningu sem fyrirmyndar fyrirtæki í góðum stjórnarháttum.



334


starfsmenn
í 303 stöðugildum




33,7 ára
meðalaldur




5,3 ára
meðalstarfsaldur




ALLT STARFSFÓLK




FORSTÖÐUMENN



DEILDARSTJÓRAR



FRAMKVÆMDASTJÓRN




GILDI VODAFONE



4G

reikþjónusta
í yfir 40 löndum



Sjónvarpsdreifikerfi
sem nær til
99,9%
landsmanna



Vit svara á **20 20 20**
til **kl. 21.00** í kvøld



Vodafone í Færeyjum

Árið 2016 einkenndist líkt og árið áður af harðri samkeppni á markaðnum og var um margt krefjandi hjá Vodafone í Færeyjum. Í upphafi árs tók ný fjarskiptalöggjöf gildi í Færeyjum en þrátt fyrir jákvæð spor sem þar eru stigin eru enn ýmsar hindranir í vegi frjálsrar og sanngjarnrar samkeppni á færeyska fjarskiptamarkaðnum. Umtalsverðar fjárfestingar voru gerðar á árinu 2016 í 4G dreifikerfinu, bæði á landi og sjó, í samræmi við langtíma fjárfestingarstefnu fyrirtækisins og heldur útbreiðslan áfram á þessu ári. Forstjóranskipti urðu hjá Vodafone í Færeyjum um mitt sumar þegar Rúnar Reistrup tók við keflinu.

Afkoma

Afkoma ársins 2016 endurspeglar áskoranir í rekstrarumhverfinu. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) minnkaði úr 17,6 milljónum danskra króna árið 2015 í 10,9 milljónir danskra króna árið 2016. Lækkun EBITDA skýrist helst af mikilli samkeppni á farsímamarkaði og talsverðum verðlækkunum.

Fyrirtækið styrkti þó markaðsstöðu sína allt árið og er viðskiptavinum þess að fjölga eftir samdrátt í markaðshlutdeild síðustu ár. Félagið hefur einnig lagt áherslu á verkefni sem lækka rekstarkostnað félagsins.

Ný samkeppnislög tóku gildi

Pann 1. janúar 2016 tók ný fjarskiptalöggjöf gildi í Færeyjum. Vodafone í Færeyjum fagnar nýrri löggjöf þrátt fyrir að félagið sjái enn ýmsar hindranir á frjálsri og sanngjarnri samkeppni á færeyska fjarskiptamarkaðnum. Félagið hefur þá trú að hrindranir á markaði verði til staðar þar til FT Net verður að fullu aðskilið frá Føroya Tele samsteypunni og þannig tryggt að grunnnet fjarskiptainnið í Færeyjum verði rekið óháð samkeppnisrekstri Føroya Tele. Fullur aðskilnaður tryggir jafnt aðgengi og stuðlar að heilbrigðri samkeppni.

Nýjar vörur og vörubrún

Umtalsverðar fjárfestingar voru gerðar á árinu 2016 í 4G dreifikerfinu bæði á landi og sjó. Vodafone Færeyjar hefur verið frumkvöðull í samkeppni á færeyska markaðnum og var fyrsta færeyska fjarskiptafyrirtækið til að fjárfesta í 4G. Vodafone Færeyjar tóku í gagnið eigið 4G dreifikerfi sumarið 2015 og hefur útbreiðslan síðan þá verið aukin í samræmi við langtíma fjárfestingarstefnu fyrirtækisins.

Félagið vinnur stöðugt að því að þróa nýjar vörur og þjónustur til þess að mæta þörfum viðskiptavina sinna og bregðast við markaðsaðstæðum hverju sinni. Víðtæk samvinna við Ísland í vörubrún, tæknilausnum og fjármálum er lykilatriði í að halda uppi samkeppnishæfni félagsins gagnvart Føroya Tele.

Forstjóranskipti

Stjórn Vodafone Færeyja komst í sumar að samkomulagi við Rúnar Reistrup um að hann tæki við sem forstjóri félagsins. Rúnar hefur verið stjórnarmaður í félaginu frá 2013 og gegnt stöðu stjórnarformanns frá byrjun árs 2016. Rúnar hefur síðustu ár starfað hjá alþjóðlegum upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækjum sem frumkvöðull og framkvæmdastjóri. Meðal annars starfaði hann hjá Vodafone Group á árunum 2009 til 2013 og var frá 2011 forstöðumaður yfir sölu og þjónustu hjá Vodafone á alþjóðavísu.

Horft til framtíðar

Stefnan er að vera leiðandi á markaðnum í ár og tryggja öflugna samkeppni á færeyskum fjarskiptamarkaði neytendum til hagsbóta. Styrkur Vodafone í Færeyjum felst í öflugum samstarfi við Ísland sem gerir félaginu kleift að keppa með lítilli yfirbyggingu við mun stærri samkeppnisaðila. En ekki síður öflugum hópi starfsmanna með nán tengsl við þarfir færeyska markaðarins.



Gott samstarf við Vodafone Group

Vodafone á Íslandi og Vodafone Group áttu áfram í miklu og góðu samstarfi á árinu á árinu 2016. Samstarfið með félögum tekur á sig ýmsar myndir en auk samstarfs á sviði tækni, innkaupa, vöru og þjónustu, náði það einnig til hönnunar nýrra framtíðarhöfuðstöðva félagsins, innleiðingar alþjóðlegrar fyrirtækjþjónustu, Internet of Things (IoT) stýringartóls og fleiri þátta, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Mikilvægt samstarf á sviði tækni, vöru og þjónustu

Samstarfið við Vodafone Group sýnir sig vel í tengslum við uppbyggingu 4G reikjþjónustu Vodafone á Íslandi. Félagið varð fyrst til að kynna þessa þjónustu á markað fyrir viðskiptavinum á ferð í völdum löndum á árinu 2015, og erlenda ferðamenn frá sömu löndum á leið um Ísland. Í lok árs 2016 var félagið enn í leiðandi stöðu hér á landi með 4G reikisamninga við yfir 40 lönd. Mun þeim einungis halda áfram að fjölga 2017.

Uppbygging sjónvarpsþjónustu félagsins naut einnig góðs af öflugum samstarfi við Vodafone Group, hvort sem um ræddi stefnumótun, vöruþróun eða samninga við efnisveitur og fleira þessu tengt.

Á fyrirtækjahliðinni hófst innleiðing aðferðafræði sem ber yfirheitið Ready Business og unnin var að forskrift Vodafone Group. Hún snýst um að vekja

fyrirtæki til umhugsunar um hvort þau séu samkeppnishæf og tilbúin fyrir framtíðina, en þau geta þreytt Ready Business próf sem gefur þeim ákveðna einkunn sem fyrirtæki geta svo nýtt til að gera sig tilbúnari fyrir framtíðina. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Vodafone Group og naut félagið þar góðs af reynslu og þekkingu þess af slíkri innleiðingu meðal dótturfélaga og samstarfsaðila um allan heim.

Margt fleira er hægt að telja til hér, eins og stuðning við IoT þróun félagsins en Vodafone Group er leiðandi í þeirri þróun á evrópska markaðnum, auk samstarfs á sviði innkaupa og fleira. Í samvinnu við Vodafone Group getum við nú boðið upp á snjallkort sem fylgir fullkomið stýringartól yfir allar IoT tengingar fyrirtækis. Með því er hægt að fylgjast með notkun sem og stjórna virkni tenginga svo fátt eitt sé nefnt.

Vodafone á Íslandi gerðist fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum Vodafone Group til að bjóða íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi fjarskiptalausnir bæði hér á landi sem og erlendis. Það sama á einnig við um erlenda viðskiptavinum Vodafone Group sem hafa eða hyggja á starfsemi hér á landi. Um er að ræða nýja alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group sem gerir íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila


og njóta þannig enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum.

Á tæknihlíðinni hefur samstarfið í fastlínubjónustu verið að aukast og hóf Vodafone á Íslandi í samstarfi við Vodafone Group að bjóða Vodafone One Net Business alþjóðlega skýjalausn sem samþættir fastlínu, farsíma, starfsstöð og snjalltæki að fullu í einu einföldu umhverfi. Aukin umsvif Vodafone Group á þessu sviði hafa leitt til þess að samstarf félaganna á tæknihlíðinni hefur átt enn meiri samleið en áður. Sem dæmi má hér nefna samstarf á sviði gagnatenginga, útboð í símsstöðvum fyrir fastlínu, ráðgjöf í gagnavera- og sæstrengja málum og fleira.

Öflugt samstarf á sviði upplýsingaöryggismála

Gott samstarf Vodafone á Íslandi við Vodafone Group á sviði net- og upplýsingaöryggismála hélt áfram. Sem eitt öflugasta fjarskiptafyrirtæki í heimi býr Vodafone Group að ómældri reynslu og þekkingu á öryggismálum. Samstarf fyrirtækjanna tveggja á sviði upplýsingaöryggismála hefur nú þegar skilað viðskiptavinum Vodafone áþreifanlegum árangri og mun áfram koma íslenskum fyrirtækjum og samfélagi til góða.


Svipmyndir frá árinu



Neyðarkall
Vodafone fjárfesti í stærri útgáfu af Neyðarkalli björgunarsveitanna.



Vodafone UNI
Fyrsti nýliðahópurinn útskrifaðist úr Vodafone UNI á árinu



Framtíðar höfuðstöðvar
Nýjar höfuðstöðvar félagsins rísa hratt en stefnt er að flutningum nú í sumar



Flutningar úr Skútuvogi
Um mitt ár 2016 voru höfuðstöðvar félagsins fluttar í tímabundið húsnæði með dyggri hjálp starfsmanna.



Gönguklúbbur Vodafone
Hópurinn var ansi duglegur á árinu en meðal annars gekk hann Laugavegin og á Snæfellsjökul.



Radíó og þráðlaus aðgangur
Starfsmenn leggja oft mikið á sig til að stórbæta 4G samband Vodafone.



Árshátíð Vodafone
Konunglegt breskt þema réði ríkjum á árshátíð Vodafone 2016 í Hörpu.



Þrífadagur
Hinn árlegi þrífadagur Vodafone var haldinn hátíðlegur í mars. Þar kepptist starfsfólk og deildir við að klæða sig út frá mismunandi áratugum og ríkti stemning þann daginn.



UN Women
Vodafone skrifaði undir samstarfssamning við UN Women á Íslandi undir lok árs.



Partner Awards
Hér má sjá Trausta Guðmundsson taka við verðlaunum frá Vodafone Group fyrir framúrskarandi samstarf.



Fjölskyldudagur á Menningarnótt
Vodafone bauð starfsfólki og fjölskyldum þeirra á fjölskyldudag á Menningarnótt í Hörpu.

Gengi á markaði 2016


Töluverð verð hreyfing var með hlutabréf félagsins á árinu og markaðir líflegir. Gengi félagsins fór úr í 47,9 í lok árs 2015 í 51,0 við lok árs 2016 sem er tæplega 6,5% hækkun milli ára.

Alls nam velta með bréf í félaginu tæplega 15,5 milljörðum króna á árinu 2016, í alls 894 viðskiptum. Meginþungi hennar féll til á fyrri helmingi ársins eða 8,3 milljarður króna, samanborið við 7,1 milljarð króna á seinni hluta ársins. Mest var velta með bréf félagsins í apríl, en heildarvelta mánaðarins nam rúmum 2 milljörðum króna.

Kaup á eigin bréfum

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 17. mars 2016 var samþykkt að heimila félaginu, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutum (hver hlutur er 10 kr. að nafnvirði). Á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar tók stjórn Fjarskipta hf. ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar um kaup á eigin bréfum félagsins og tilkynnti um hana til, Kauphallar Íslands, Nasdaq Iceland, þann 1. júní 2016. Samið var við fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. um umsjá framkvæmdar áætlunarinnar en markmiðið með henni var að lækka útgefið hlutafé félagsins.

Endurkaup samkvæmt áætluninni máttu að hámarki nema 6.734.000 hlutum eða sem nemur 2,50% af útgefnum hlutum í félaginu, en þó ekki meira en 300.000.00 kr. að kaupverði. Áætlunin gildi til 30. september 2016. Þegar gildistíma hennar lauk átti félagið 6.651.341 eigin hluti eða sem nemur 2,44% af útgefnum hlutum í félaginu.



20 stærstu hluthafar 31. desember 2016

Gildi - lífeyrissjóður	13,7%	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	2,5%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	12,2%	IS Hlutabréfasjóðurinn	2,4%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	7,3%	Arion banki hf.	2,3%
Kvika banki hf.	6,7%	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,2%
Ursus ehf.	6,6%	Landsbankinn hf.	2,2%
Stefnir - Samval	6,2%	Lífsverk lífeyrissjóður	1,9%
Stapi lífeyrissjóður	5,4%	Festa - lífeyrissjóður	1,7%
Tryggingamiðstöðin hf.	4,3%	GAMMA Equity Fund	1,6%
Birta lífeyrissjóður	3,4%	TM fé ehf.	1,6%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	2,7%	Íslandsbanki hf.	1,6%

1F

Fyrsti ársfjórðungur 2016

Uppgjör Vodafone á fyrsta ársfjórðungi 2016 var í takt við væntingar þar sem hækkun launakostnaðar í tengslum við kjarasamninga og einskiptisliðir í tengslum við hagræðingaraðgerðir höfðu talsverð áhrif. Ennfremur höfðu verðlækkunir í Færeyjum áhrif til lækkunar tekna. Brugðist var við hækkun kostnaðar með hagræðingaraðgerðum á fjórðungnum. Frá því í árslok 2015 höfðu hagræðingaraðgerðir skilað fækkun um 25 stöðugildi en hluti þeirra aðgerða leiddi til bókunar einskiptiskostnaðar á fyrsta fjórðungi. Þáttur í þessum aðgerðum var einföldun skipulags sem skilaði sér meðal annars í því að fjórar deildir voru sameinaðar öðrum deildum.

Á fjarskiptamarkaði sótti Vodafone fram á ársfjórðungnum með nýjum farsímaleiðum á hagstæðum kjörum fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Auk þess kynntum við Vodafone ONE – nýja heildarfjarskiptalausn sem aðlöguð er að hverjum og einum þar sem viðskiptavinir njóta margvíslegs ávinnings af því að hafa viðskipti sín á einum stað. Þessar nýjungar mæltust sérlega vel fyrir og hafa styrkt félagið mjög í þeirri samkeppni sem ríkir á fjarskiptamarkaði.

Á fyrsta fjórðungi kynnti Vodafone til leiks nýja stefnu á sviði samfélagsábyrgðar. Stefnan er nú þegar farin að bera ávöxt í nýjum samfélagsverkefnum eins og Fjarskiptastoð Vodafone. Í henni felst að Vodafone mun úthluta allt að 100 fjarskiptatengingum á ári til verkefna sem stuðla að uppbyggingu í íslensku samfélagi, eins og nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarra mikilvægra verkefna.

2F

Annar ársfjórðungur 2016

Í samanburði við fyrsta ársfjórðung mátti glöggjt sjá í uppgjöri annars fjórðungs að hagræðingaraðgerðir sem hófust á fyrsta ársfjórðungi skiluðu árangri og voru á áætlun, sérstaklega þegar tekið er tillit til einskiptiskostnaðar við forstjóra í Færeyjum á nýliðnum fjórðungi.

Á öðrum ársfjórðungi hóf félagið að bjóða alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group, sem Vodafone International Enterprise Partner. Vodafone á Íslandi varð þar fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum fjarskiptarisans til að bjóða þessa lausn á alþjóðavísu. Um er að ræða nýja lausn sem gerir viðskiptavinum í alþjóðlegri starfsemi, kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig bæði enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum. Jafnframt var unnið að fjölgun háskerpustöðva og breyttri áherslu í stöðvauppröðun auk þess sem erlendum sjónvarpsstöðvum var jafnframt fjölgað.

Framkvæmdastjóri Vodafone í Færeyjum, Gudny Langgaard, lét af störfum í maí og tilkynnt var um nýjan framkvæmdastjóra Vodafone Færeyja, Rúnar Reistrup, í júní og tók hann við störfum á haustmánuðum.

3F

Þriðji ársfjórðungur 2016

Rekstur Vodafone á þriðja fjórðungi varð fyrir áhrifum af flutningum félagsins, samkeppni og verðlækkunum á farsímamarkaði á fyrri hluta ársins. Lækkun í framlegð á fjórðungnum kom einnig að nokkrum hluta til vegna einskiptisliða við kaup á efni til styrkingar sjónvarpsþjónustu félagsins og gaf því ekki góða mynd af framtíðarþróun félagsins. Meðaltekjur af viðskiptavinum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, lækkuðu og höfðu áhrif á tekjuvöxt á fjórðungnum þrátt fyrir góða fjölgun viðskiptavina.

Tilkynnt var um einkaviðræður Vodafone við 365 miðla hf. í lok ágúst um möguleg kaup á því síðarnefnda að stórum hluta. Á þriðja ársfjórðungi var jafnframt unnið að frekari útbreiðslu á 4G þjónustusvæði Vodafone, meðal annars með uppbyggingu á Ströndum og Vestfjörðum og náði útbreiðslan þá til ríflega 95% landsmanna. Vodafone hóf jafnframt forsölu á 1000 Mb/s tengingum yfir ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur á tímabilinu.

Lokið var við flutninga úr Skútuvogi 2 í tímabundnar höfuðstöðvar að Ármúla 13a á þriðja ársfjórðungi en fyrirhugað er að flytja í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 8, nú í sumar.

4F

Fjórði ársfjórðungur 2016

Árið 2016 var að mörgu leyti sérstakt ár í rekstri Vodafone þar sem margt fór saman; miklar launahækkanir í tengslum við kjarasamninga, einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála, hagræðingaraðgerða og vinnu sérfræðinga við áreiðanleikakönnun vegna hugsanlegra kaupa á 365 miðlum hf. Á sama tíma höfðu markaðsaðstæður neikvæð áhrif á meðaltekjur af viðskiptavinum. Mótvægisáðgerðir gengu vel þar sem vöxtur í fjölda viðskiptavina hefur ekki verið meiri í seinni tíð eða 7%. Sjónvarpsvörur félagsins skiluðu mikilli aukningu í tekjum sem unnu á móti fyrrgreindum neikvæðum þáttum þrátt fyrir lækkun tekna í heildsöludreifingu sjónvarps.

Á fjórða ársfjórðungi hóf Vodafone að bjóða Vodafone Connect, hotspot lausn sem er öflug, hagkvæm og örugg í takt við væntingar notenda í dag. Lausnin hentar því vel þeim fyrirtækjum sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á þráðlaust net.

Kynnt var til sögunnar nýtt fullkomið stýringartól sem fylgir snjallkortum sem fyrirtækið hefur hafið sölu á og ætluð eru fyrir IoT tengingar (e. Internet of Things). Viðmótið hjálpar fyrirtækjum að halda utan um allar IoT tengingar þeirra. Með því er hægt að fylgjast með notkun sem og stjórna virkni tenginga svo fátt eitt sé nefnt. Samstarf við Vodafone Group í IoT málum hefur þannig dýpkað enn frekar og er nú mjög vaxandi í starfi félagsins.

Félagið fór í loftið með „Ready Business“, sérstakt próf sem metur hversu tilbúin fyrirtæki eru til að takast á við fjarskiptaáskoranir framtíðarinnar og auka þannig samkeppnishæfni sína. Þá gerðu Vodafone og Dropbox undir lok árs samstarfssamning um innifalið geymsluhlátt fyrir farsímaviðskiptavini félagsins. Kynnt var á tímabilinu Vodafone One Net Business, alþjóðleg skýjalausn sem samþættir fastlínu, farsíma, starfstöð og snjalltæki að fullu í einu einföldu umhverfi.

Framkvæmdastjórn og aðallögfræðingur Vodafone

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir.



Stefán Sigurðsson er forstjóri Vodafone. Stefán tók við stöðu forstjóra í maí 2014. Áður var hann framkvæmdastjóri VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingarráði bankans og öðrum undirnefndum. Stefán er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með meistaragráðu í sama fagi frá Kaupmannahafnarháskóla, og býr að mikilli reynslu af rekstri, stefnumótun og innleiðingu, uppbyggingu sölu og þjónustu, til einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta. Stefán situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.



Björn Víglundsson er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Björn hefur starfað hjá Vodafone frá árinu 2005. Í fyrstu sem framkvæmdastjóri markaðs- og vörumótunarsviðs og í kjölfarið sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs. Áður hafði Björn starfað sem framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá P. Samúelssyni og hjá Tryggingamiðstöðinni.



Hrönn Sveinsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála- og rekstarsviðs. Hrönn hóf störf hjá Vodafone árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Áður hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni þar sem hún var einnig starfsmannastjóri.



Kjartan Briem er framkvæmdastjóri tæknisviðs. Kjartan hefur starfað hjá Vodafone frá stofnun félagsins í núverandi mynd. Frá 2009 hefur hann farið fyrir tæknisviði félagsins en fyrir það var hann forstöðumaður notenda- og símkerfa þess. Kjartan starfaði sem forstöðumaður og framkvæmdastjóri hjá Íslandssíma frá árinu 2000 og fyrir það um fjögurra ára skeið hjá Símanum.



Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur Vodafone en undir hann heyrja einnig gæða- og öryggismál. Páll kom til starfa hjá Vodafone 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabíl starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf. og Skjásins ehf.

Stjórn Vodafone

Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Ásamt forstjóra hefur hún forystu um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma.

Stjórn Vodafone vinnur eftir siðareglum félagsins en þær má nálgast á vef Vodafone, www.vodafone.is.



Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélags, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Heiðar hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en fjárhagslega tengdur aðili honum, Ursus ehf., átti 6,60 % hlut í félaginu í árslok 2016.



Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er að aðalstarfi forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn félagsins 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Stafa lífeyrissjóðs, Lyfja & heilsu hf. og Faxe ehf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.



Hildur Dungal, varaformaður stjórnar, er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hildur hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún situr einnig í stjórn Nýherja hf. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.




Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963 og og starfar sem óháður stjórnarmaður. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, stjórnarformaður OK eignarhaldsfélags hf. og dótturfélaga (Rafnar ehf. ofl.) situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan auk þess að sitja í stjórn Ankra ehf. Hjörleifur á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf.



Vilmundur Jósefsson er fæddur árið 1949 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 4. apríl 2012 og svo endurkjörinn 26. mars 2014. Vilmundur er viðskiptafræðingur að mennt. Hann situr einnig í stjórn Steinullar hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartár ehf. Vilmundur átti 0,13% hlut í félaginu í árslok 2016.

Skipurit Vodafone á Íslandi



*Jakob Þór Guðbjartsson, forstöðumaður gæða- og öryggismála, heyrir undir aðallögfræðing.

Fjarskipti hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2016

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fjarskipti hf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptáþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2016

Á árinu var unnið að frekari uppbyggingu á ýmsum þjónustubáttum. Á fyrsta fjórðungi var meðal annars kynnt ný heildarlausn á markaði "Vodafone ONE". Félagið hóf að bjóða alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group, sem gerir viðskiptavinum í erlendri starfsemi kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig enn betri þjónustu og kjara. Unnið var að frekari útbreiðslu 4G þjónustusvæðis Fjarskipta hf. sem nú nær til um 95% landsmanna. Síðari hluta árs fór Fjarskipti hf. af stað með "Ready Business", sem hjálpar fyrirtækjum að takast á við fjarskiptaáskoranir framtíðarinnar og auka þannig samkeppnishæfni þeirra. Kynnt var til sögunnar viðmót sem hjálpar fyrirtækjum að halda utan um allar "IoT" (e. Internet of Things) tengingar þeirra. Fjarskipti hf. og Dropbox gerðu undir lok árs samstarfssamning um innfallið geymslupláss fyrir farsímaviðskiptavinum félagsins.

Í lok ágúst tilkynnti Fjarskipti hf. um einkaviðræður félagsins við 365 miðla hf. um möguleg kaup á því síðarnefnda að stórum hluta rekstrar og eigna 365 miðla hf. Undir lok árs var tilkynnt að samningar hefðu náðst um breytt kaupverð. Gert er ráð fyrir að kaupsamningsgerð ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2017, en líkt og áður hefur komið fram eru kaupin háð ýmsum fyrirvörum þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlits.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 13.655 millj. kr. (2015: 13.724 millj. kr.) og var hagnaður samstæðunnar á árinu 1.007 millj. kr. (2015: 1.287 millj. kr.). Heildarafkoma nam 891 millj. kr. (2015: 1.209 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 14.686 millj. kr. (2015: 15.474 millj. kr.). Eigið fé samstæðunnar þann 31. desember 2016 nam 6.987 millj. kr. (2015: 9.079 millj. kr.) og var eiginfjárlutfallið 47,6%. (2015: 58,7%). Þar af nam hlutfé 2.640 millj. kr. (2015: 3.270 millj. kr.).

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er að finna í kaflanum ófjárhagslegar upplýsingar á bls. 45 sem er viðauki við ársreikninginn.

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé félagsins nam í árslok 2.725 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt var að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til markmiða fjárfestingarstefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingaþarfa félagsins.

Þá var samþykkt að lækka hlutfé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð kr. 2.500 millj. kr. Lækkun nafnverðs nam 545 millj. kr. og lækkun yfirverðs nam 1.955 millj. kr. Framkvæmd lækkunarinnar miðaðist við 20. apríl 2016 og greiðsla til hluthafa fór fram 29. apríl 2016.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hluthafar í árslok 2016 voru 198 (2015, 519) og fækkaði um 321 á árinu. Eftirfarandi voru 10 stærstu hluthafar við árslok:

Nafn	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta	hlutur %	hlutur %
	31.12.2016	31.12.2015		
	('000)	('000)	31.12.2016	31.12.2015
Gildi - lífeyrissjóður	36.114	43.339	13,7%	13,3%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	32.222	44.670	12,2%	13,7%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	19.249	19.600	7,3%	6,0%
Kvika banki hf. (2014: MP banki hf.)	17.681	17.868	6,7%	5,5%
Ursus ehf.	17.435	19.723	6,6%	6,0%
Stefnir - Samval	16.411	19.634	6,2%	6,0%
Stapi lífeyrissjóður	14.146	9.977	5,4%	3,1%
Tryggingamiðstöðin hf.	11.485	10.783	4,3%	3,3%
Birta lífeyrissjóður	9.057	-	3,4%	0,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	7.012	-	2,7%	0,0%
Júpíter - Innland hlutabréf	-	20.285	0,0%	6,2%
Landsbankinn hf.	-	11.494	0,0%	3,5%
	180.812	217.373	68,5%	66,5%
Aðrir hluthafar	83.249	109.672	31,5%	33,5%
Samtals útistandandi hlutir	264.061	327.045	100,0%	100,0%
Eigin hlutir	8.458	9.095	0,0%	0,0%
Samtals útgefnir hlutir	272.519	336.140	100,0%	100,0%

Nánari upplýsingar um atriði tengd hlutafé er að finna í skýringu 24. Viðbótarupplýsingar um hluthafa má nálgast á vefsíðu Fjarskipta hf. www.vodafone.is

Stjórnarhættir

Stjórn Fjarskipta hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Félagið er með skráð hlutabréf í Nasdaq Iceland og ber því að fylgja framangreindum leiðbeiningum samkvæmt reglum Kauphallarinnar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti endurnýjaði á árinu viðurkenningu til Fjarskipta hf. sem 'Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum'. Fjarskipti hf. hafði áður hlotið viðurkenningu á árinunum 2014 og 2015.

Í tengslum við gerð ársreikningsins er virkni innra eftirlits skoðuð, áhættuþættir metnir, aðgangsstýringar skoðaðar sem og skilgreining ábyrgðar. Stjórn félagsins fær reglulega upplýsingar um fjárhagslega afkomu félagsins, sundurliðað niður á helstu þætti starfseminnar. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega þar sem m.a. er farið yfir áhættuþætti er snúa að innra eftirliti.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing á bls. 40 sem er viðauki við ársreikninginn.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2016 gefi glögggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag rætt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2017

Í stjórn

Heiðar Guðjónsson

Anna Guðný Aradóttir

Hildur Dungal

Hjörleifur Pálsson

Yngvi Halldórsson

Forstjóri

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2016	2015	% breyting
Fjárhagsupplýsingar			
Heildartekjur	13.655	13.724	(1%)
Rekstrarhagnaður	1.632	1.931	(15%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.280	1.604	(20%)
Hagnaður ársins	1.007	1.287	(22%)
Hagnaður á hlut	3,50	3,90	(10%)
Fjárfestingar ársins	1.539	1.560	(1%)
Handbært fé frá rekstri	3.028	2.853	6%
Frammistöðumat			
EBITDA	3.040	3.237	(6%)
EBITDA hlutfall	22,3%	23,6%	(6%)
Frjálst fjárfæði (FCF)*	1.936	1.673	16%
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.347	3.923	36%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA	1,8	1,2	50%

* Frjálst fjárfæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Fjarskipta hf. fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjarskiptum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi (FLE) og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Tekjuskráning	
Þar sem tekjuskráning félagsins byggir á flóknum kerfum og eðlisleg áhætta er í nákvæmni og heild teknanna, teljum við tekjuskráningu vera megináherslu í endurskoðuninni.	Við endurskoðun á tekjum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá félaginu við tekjuskráninguna. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í upplýsingakerfum ásamt því að prófa aðra mikilvæga eftirlitsþætti í tekjuskráningarferli félagsins.
Vísam í skýringu 38b með samstæðuársreikningi.	Við höfum prófað tekjuskráningu félagsins með greiningaraðferðum auk þess að hafa valið úrtak úr viðskiptakröfum í árslok og staðfest við greiðslu eftir reikningsskiladag.
	Við höfum prófað yfirferð stjórnenda á tekjuskráningu og stemmt af undirkerfi við fjárhag. Við höfum einnig valið úrtak úr samningum við viðskiptavini og tryggt að tekjur séu skráðar í samræmi við þá.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Viðskiptavild	
<p>Eignfærð viðskiptavild Fjarskipta hf. nemur í árslok 2016 um 5.781 milljónum króna, sem er um 39% af eignum félagsins.</p> <p>Virði viðskiptavildar er háð mati stjórnenda á áætluðum framtíðartekjum sjóðskapandi eininga. Þar sem viðskiptavild er verulegur liður í efnahagsreikningi félagsins og háð mati stjórnenda teljum við þetta vera eina af megináherslum við endurskoðunina.</p> <p>Viðskiptavildin samanstendur af tveimur sjóðskapandi einingum, annarsvegar á Íslandi og hins vegar í Færeyjum. Engin virðisrýrnun var færð vegna viðskiptavildar á árunum 2015 og 2016. Nánari umfjöllun um viðskiptavildina er að finna í skýringum 18 og 38i með samstæðuársreikningnum.</p>	<p>Við endurskoðunina fórum við yfir virðisrýrnunarpróf stjórnenda félagsins vegna viðskiptavildar. Við fórum yfir þá aðferðafræði sem beitt er við virðisrýrnunarprófið og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við yfirferð okkar á virðisrýrnunarprófinu fórum við yfir helstu forsendur stjórnenda m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none">• Áætlanir stjórnenda sem byggt er á við útreikninga í virðisrýrnunarprófinu og hvort þær séu raunhæfar• Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna. <p>Við fórum yfir hvort útreikningar í virðisrýrnunarprófinu væru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort að skýringar í samstæðuársreikningnum vegna viðskiptavildar væru viðeigandi.</p>
Innra eftirlit upplýsingakerfa	
<p>Fjárhagsupplýsingar félagsins byggja að verulegu leyti á upplýsingum úr tölvukerfum og því mikilvægt að til staðar sé öflugt innra eftirlit með upplýsingakerfum.</p> <p>Við framkvæmd endurskoðunaraðgerða fyrir ýmsa liði ársreiknings treystum við meðal annars á upplýsingar sem eiga uppruna sinn innan tölvukerfa og eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru með aðstoð upplýsingatækni. Á þeim grundvelli teljum við prófanir á innra eftirliti upplýsingakerfa, einkum sem snýr að breytingastjórnun og aðgangsheimildum upplýsingakerfa sem vinna eða geyma fjárhagsupplýsingar, megináherslu við endurskoðunina.</p>	<p>Við endurskoðun okkar öfluðum við okkur skilnings á eðli og virkni þeirra upplýsingakerfa sem vinna og geyma fjárhagsupplýsingar.</p> <p>Við prófuðum hönnun, innleiðingu og virkni viðeigandi tölvueftirlitsþátta m.a. með úrtaksskoðunum til að komast að niðurstöðu um heild og nákvæmni þeirra fjárhagsupplýsinga sem eiga uppruna sinn innan tölvukerfa.</p>
Aðrar upplýsingar	
<p>Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar stjórnarháttayfirlýsingu, ófjárhagslegar upplýsingar og ársfjórðungsyfirliti sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Fjarskipta hf. sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag, en innifela ekki ársreikninginn og áritunina á hann.</p> <p>Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar, sem fram kemur hér fyrir neðan.</p> <p>Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu Fjarskipta hf. þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.</p> <p>Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.</p>	

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjarskipta hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegra vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innra eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings, frh.:

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Kópavogi, 15. febrúar 2017.

Deloitte ehf.

Björn Ingi Victorsson
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2016	2015
Seldar vörur og þjónusta	7	13.655	13.724
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8	(7.332)	(7.290)
Framlegð		6.323	6.434
Rekstrarkostnaður	9	(4.691)	(4.503)
Rekstrarhagnaður		1.632	1.931
Fjármunatekjur		83	35
Fjármagnsgjöld		(435)	(362)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(352)	(327)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.280	1.604
Tekjuskattur	20	(273)	(317)
Hagnaður ársins		1.007	1.287
Hagnaður á hlut	25	3,50	3,90
Þynntur hagnaður á hlut	25	3,50	3,90

Yfirlit um heildarafkomu

	2016	2015
Hagnaður ársins	1.007	1.287
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(116)	(78)
Heildarafkoma ársins	891	1.209

Skýringar á bls. 78-102 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	13	4.478	4.444
Óefnislegar eignir	18	7.228	7.229
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum		9	12
Tekjuskattsinneign	21	0	199
Fastafjármunir samtals		11.715	11.884
Veltufjármunir			
Birgðir	22	272	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	23	2.331	2.823
Handbært fé		368	420
Veltufjármunir samtals		2.971	3.590
Eignir samtals		14.686	15.474
Eigið fé			
Hlutfé		2.640	3.270
Yfirverðsreikningur hlutfjár		678	2.651
Annað eigið fé		2	149
Óráðstafað eigið fé		3.667	3.009
Eigið fé	24	6.987	9.079
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	26,27,28	5.284	4.047
Tekjuskattsskuldbinding	21	103	40
Langtímaskuldir samtals		5.387	4.087
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	26,28	431	296
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	29	1.822	1.932
Fyrirframinnheimtar tekjur	30	59	80
Skammtímaskuldir samtals		2.312	2.308
Skuldir samtals		7.699	6.395
Eigið fé og skuldir samtals		14.686	15.474

Skýringar á bls. 78-102 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Eiginfjáryfirlit

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Annað eigið fé Bundinn reikningur	Áhættu varnir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
2015							
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	-	-	1.941	8.503
Eigin hlutir	(92)	(322)	-	-	-	-	(414)
Greiddur arður vegna ársins 2014	-	-	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma ársins	-	-	(78)	-	-	1.287	1.209
Eigið fé 31.12.2015	3.270	2.651	149	0	0	3.009	9.079
2016							
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	0	0	3.009	9.079
Eigin hlutir	(85)	(18)	-	-	-	(296)	(399)
Hlutafjálækkun	(545)	(1.955)	-	-	-	-	(2.500)
Hagn. dótturf. umfram arðgreiðslu	-	-	-	53	-	(53)	0
Áhættuvarnir	-	-	-	-	(84)	-	(84)
Heildarafkoma ársins	-	-	(116)	-	-	1.007	891
Eigið fé 31.12.2016	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987

Skýringar á bls. 78-102 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2016	2015
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		1.007	1.287
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	14	1.408	1.306
Hrein fjármagnsgjöld	11	352	327
Söluhagnaður eigna		-	(8)
Tekjuskattur	20	273	317
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.040	3.229
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		69	(19)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		342	(117)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		45	112
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(21)	15
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.475	3.220
Innborgaðar vaxtatekjur		45	35
Greidd vaxtagjöld		(471)	(371)
Greiddir skattar		(21)	(31)
Handbært fé frá rekstri		3.028	2.853
Fjárfestingarhreyfingar			
Seldir rekstrarfjármunir		-	13
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(1.170)	(1.139)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	18	(369)	(421)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.539)	(1.547)
Fjármögnunarhreyfingar			
Endurkaup á eigin hlutum	24	(400)	(414)
Hlutfjárslækkun	24	(2.500)	-
Greiddur arður		-	(219)
Tekið nýtt lán		1.931	4.500
Uppgreitt lán		-	(4.877)
Afborganir langtímalána		(567)	(379)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.536)	(1.389)
Breyting á handbæru fé		(47)	(83)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(5)	(25)
Handbært fé í ársbyrjun		420	528
Handbært fé í árslok		368	420

Skýringar á bls. 78-102 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 13a, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samstæðuársreikningur fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Þann 2. júní sl. voru samþykkt lög nr. 73/2016, er breyttu lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Breytingarnar tóku gildi við samþykkt laganna og komu til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2016 eða síðar. Stjórnendur hafa lokið við að meta áhrif breytingana á reikningsskil félagsins en gera ráð fyrir að þau verði óveruleg.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 15. febrúar 2017.

Reikningsskilaaðferðum samstæðunnar ásamt breytingum gerðum á árinu er lýst í skýringu 38.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 18.

Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Nánari upplýsingar um forsendur sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu 18 um óefnislegar eignir og skýringu 31 um áhættustýringu.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða uppfyllir kröfur um áhættuvörn og er skilgreind sem slík er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamninginn sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalds dagsamningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningsskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti á þriðja ársfjórðungi afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Til viðbótar við þetta skjalaði félagið skilvirkni áhættuvarnarsambandsins.

b. Sjóðstreymisvarnir

Skilvirki hluti gangvirðisbreytinga á afleiðum sem standast kröfur um sjóðstreymisvarnir og eru skilgreindar sem slíkar er færður í yfirlit um aðra heildarafkomu með mótfærslu á áættuvarnir á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap vegna óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er færður í rekstrarreikning undir liðnum fjármagnsgjöld. Uppsöfnuð staða á eigin fé sem áður hefur verið færð um aðra heildarafkomu er endurflokkuð um rekstrarreikning þegar hagnaður eða tap vegna áhættuvarða liðarins er færður, uppsafnaða staða á eigin fé er færð í sömu línu rekstrarreiknings.

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisneignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftarveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþætti	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	4.511	3.584	1.271	1.980	1.554	755	-	13.655
Innri tekjur	1	(1)	30	0	2	75	(107)	0
Tekjur samtals	4.512	3.583	1.301	1.980	1.556	830	(107)	13.655

Óskipt rekstrargjöld	(10.615)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)	3.040
Afskriftir	(1.408)
Hrein fjármagnsgjöld	(352)
Tekjuskattur	(273)
Hagnaður ársins	1.007
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(116)
Heildarafkoma ársins	891
Óskiptar eignir	14.686
Óskiptar skuldir	7.699
Fjárfestingar ársins	1.539

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit frh.:

Rekstrarstarfsþætti	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	4.761	3.461	1.428	1.767	1.713	594	-	13.724
Innri tekjur	2	4	40	-	18	65	(129)	0
Tekjur samtals	4.763	3.465	1.468	1.767	1.731	659	(129)	13.724
Óskipt rekstrargjöld								(10.487)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								3.237
Afskriftir								(1.306)
Hrein fjármagnsgjöld								(327)
Tekjuskattur								(317)
Hagnaður ársins								1.287
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(78)
Heildarafkoma ársins								1.209
Óskiptar eignir								15.474
Óskiptar skuldir								6.395
Fjárfestingar ársins								1.560

Landsvæðisskipting

2016	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	12.179	1.476	13.655
EBITDA	2.843	197	3.040
Eignir starfsþátta	13.801	885	14.686
Fjárfestingar ársins	1.406	133	1.539
2015			
Tekjur frá þriðja aðila	12.060	1.664	13.724
EBITDA	2.893	344	3.237
Eignir starfsþátta	14.268	1.206	15.474
Fjárfestingar ársins	1.383	177	1.560

Skýringar, frh.:

7. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2016	2015
Vörusala	1.556	1.713
Seld þjónusta	12.099	12.011
Seldar vörur og þjónusta samtals	13.655	13.724

8. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2016	2015
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	5.645	5.700
Laun og launatengd gjöld	721	684
Afskriftir	966	906
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	7.332	7.290

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2016	2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.357	1.329
Sölu- og markaðskostnaður	371	365
Laun og launatengd gjöld	2.521	2.409
Afskriftir	442	400
Rekstrarkostnaður samtals	4.691	4.503

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun	2.729	2.578
Lífeyrisgjöld	258	232
Önnur launatengd gjöld	255	283
Laun og launatengd gjöld samtals	3.242	3.093

Stöðugildi að meðaltali á árinu 349 369

Í árslok 2016 voru 65% af stjórnendum samstæðunnar karlar og 35% konur (2015: 56% / 44%). Heildarfjöldi starfsmanna var 378, 70% karlar og 30% konur (2015: 403, 67% / 33%).

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:	2016	2015
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	721	684
Rekstrarkostnaður	2.521	2.409
Laun og launatengd gjöld samtals	3.242	3.093

Skýringar, frh.:

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2016	2015
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	33	25
Aðrar vaxtatekjur	11	10
Gengishagnaður	39	-
Fjármunatekjur samtals	83	35
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(435)	(355)
Gengistap	-	(7)
Fjármagnsgjöld samtals	(435)	(362)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(352)	(327)

12. Þóknun til endurskoðunarfyritækja

Endurskoðunarfyritæki	Veitt þjónusta	2016	2015
KPMG	Endurskoðun á ársreikningi og samstæðureikningi	6	13
Deloitte	Könnun á árshlutareikningi	2	-
Januar	Endurskoðun á ársreikningi og samstæðureikningi	2	3
KPMG	Önnur þjónusta	20	-
Januar	Önnur þjónusta	4	-
Kostnaður greiddur til endurskoðunarfyritækja á árinu samtals		34	16

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld, tæki			Samtals
	Fasteignir	Fjarskipta- búnaður innréttingar	bifreiðar og	
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2015	50	14.493	1.343	15.886
Víðbætur á árinu	-	994	145	1.139
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.040)	(24)	(1.064)
Áhrif gengisbreytinga	-	(115)	(7)	(122)
Heildarverð 31.12.2015	50	14.332	1.457	15.839
Víðbætur á árinu	-	1.061	109	1.170
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.009)	(114)	(1.123)
Áhrif gengisbreytinga	-	(227)	(18)	(245)
Heildarverð 31.12.2016	50	14.157	1.434	15.641

Skýringar, frh.:

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld, tæki			Samtals
	Fasteignir	Fjarskipta- búnaður	bifreiðar og innréttingar	
Afskriftir og virðisryrnun				
Afskriftir 1.1.2015	17	10.463	1.074	11.554
Afskrift ársins	2	867	109	978
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.035)	(21)	(1.056)
Áhrif gengisbreytinga	-	(73)	(8)	(81)
Afskrifað alls 31.12.2015	19	10.222	1.154	11.395
Afskrift ársins	2	945	105	1.052
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.009)	(107)	(1.116)
Áhrif gengisbreytinga	-	(152)	(16)	(168)
Afskrifað alls 31.12.2016	21	10.006	1.136	11.163

Bókfært verð

1.1.2015	33	4.030	269	4.332
31.12.2015	31	4.110	303	4.444
31.12.2016	29	4.151	298	4.478

Afskriftarhlutföll 3% 5-33% 15-67%

14. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2016	2015
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	1.052	978
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 18	356	328
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.408	1.306

15. Afskriftir á rekstrarliði

Afskriftir á rekstrarliði greinast þannig:	2016	2015
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	966	906
Annar rekstrarkostnaður	442	400
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.408	1.306

16. Fasteignamat og vátryggingarverð

Bókfært verð fasteigna samstæðunnar nam 29 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 31 millj. kr.), en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 45 millj. kr. (2015: 40 millj. kr.), og brunabótamat 56 millj. kr. (2015: 55 millj. kr.). Vátryggingarverðmæti annarra eigna nam 6.525 millj. kr. (2015: 6.622 millj. kr.) í árslok.

Skýringar, frh.:

17. Veðsetning eigna

Á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 3.072 millj kr.(2015: 3.000 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2016. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2015	9.129	3.547	12.676
Viðbætur á árinu	-	421	421
Áhrif gengisbreytinga	(25)	(19)	(44)
Heildarverð 31.12.2015	9.104	3.949	13.053
Viðbætur á árinu	-	369	369
Áhrif gengisbreytinga	(46)	(16)	(62)
Heildarverð 31.12.2016	9.058	4.302	13.360

Afskriftir og virðisrýrnun

Afskriftir 1.1.2015	3.326	2.200	5.526
Afskrift ársins	-	328	328
Áhrif gengisbreytinga	(16)	(14)	(30)
Afskrifað alls 31.12.2015	3.310	2.514	5.824
Afskrift ársins	-	356	356
Áhrif gengisbreytinga	(33)	(15)	(48)
Afskrifað alls 31.12.2016	3.277	2.855	6.132

Bókfært verð

1.1.2015	5.803	1.347	7.150
31.12.2015	5.794	1.435	7.229
31.12.2016	5.781	1.447	7.228

Afskriftarhlutföll Virðisrýrn-
unarpróf 10-33%

Skýringar, frh.:

18. Óefnislegar eignir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild

Í árslok 2016 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Samstæðan samanstendur af tveimur sjóðskapandi einingum sem metnar eru sem sjálfstæðar einingar. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2016 hefur ekki komið til virðisrýrnunar á viðskiptavild.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig niður á starfspætti:

	Viðskiptavild	
	2016	2015
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu á Íslandi	5.710	5.710
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu í Færeyjum	71	84
Viðskiptavild samtals	5.781	5.794

Endurheimtanleg fjárhæð hvorrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eininganna. Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlunum á framtíðarþróun á sviði fjarskipta, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á notkunarvirði:

	Ísland		Færeyjar	
	2016	2015	2016	2015
Nafnvöxtur tekna 2016 / 2015	1,6%	5,2%	(8,1%)	(1,7%)
Meðalvöxtur tekna 2017 til 2021 / 2016 til 2020	3,3%	2,5%	1,0%	0,3%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	2,5%	2,5%	1,0%	1,2%
EBITDA meðalvöxtur 2017 til 2021 / 2016 til 2020	4,5%	2,8%	8,4%	1,4%
Ávöxtunarkrafa, WACC	9,3%	10,4%	7,4%	9,2%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði viðskiptavildarinnar yrði lægra en bókfært verð hennar.

19. Sameiginlegur rekstur

Sendafélagið ehf. var stofnað um sameiginlegan rekstur á farsímadreifikerfum Fjarskipta hf. og Nova ehf. og tók formlega til starfa 1. nóvember 2015. Hvort félag um sig á 50% hlut í Sendafélaginu ehf. og er hlutur samstæðunnar í hverjum lið rekstrar og efnahags í Sendafélaginu ehf. færður í samstæðureikning línu fyrir línu.

20. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2016		2015	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.280		1.604
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	256	20,0%	321
Áhrif skatthlutfalla á erlendum skattasvæðum	(0,1%)	(1)	0,2%	(4)
Aðrir liðir	1,4%	18	0,0%	0
Virkur tekjuskattur	21,3%	273	19,8%	317

Skýringar, frh.:

21. Tekjuskattskuldbinding

	2016		2015	
	Skatteign	Skatt- skuldb.	Skatteign	Skatt- skuldb.
Tekjuskattseign (tekjuskattskuldbinding) greinist þannig:				
Tekjuskattseign (tekjuskattskuldbinding) í ársbyrjun	199	(40)	479	(32)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(199)	(74)	(280)	(37)
Tekjuskattur til greiðslu	-	4	-	25
Áhrif gengis	-	7	-	4
Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	0	(103)	199	(40)

	2016		2015	
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) skiptist þannig á liði:				
Rekstrarfjármunir	-	(393)	(299)	(29)
Aðrir liðir	-	11	35	(11)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	-	279	463	-
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	0	(103)	199	(40)

Yfirfæranlegt skattalegt tap samstæðunnar nemur 1.396 millj. króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til, en stærsti hluti tapsins er nýtanlegt til ársins 2018. Það er mat stjórnenda að rekstur samstæðunnar á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu.

	Staða í upphafi árs		Breyting á árinu	Staða í árslok
Skatteign samstæðunnar greinist þannig:				
Yfirfæranlegt tap ársins 2008 nýtanlegt til 2018	2.017	(1.115)		902
Yfirfæranlegt tap ársins 2009 nýtanlegt til 2019	494	-		494
	2.511	(1.115)		1.396

22. Birgðir

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu, og úppsettum sendabúnaði.

Birgðir að fjárhæð 272 millj. kr. (2015: 347 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til samstæðunnar.

23. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2016	2015
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.279	2.811
Aðrar skammtímakröfur	212	191
Niðurfærsla krafna er kunna að tapast	(160)	(179)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	2.331	2.823

Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra.

Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 31.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.013 millj. kr. (2015: 2.461 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

24. Eigið fé

Hlutfé

Samtals útgefið hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 2.725 millj. kr. (2015: 3.362 millj. kr.). Á árinu keypti félagið eigin bréf að nafnverði 88 millj. kr. (2015: 92 millj. kr.), samtals. Kaupverð hlutana nam 400 millj. kr. (2015: 414 millj. kr.) í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Hlutfé félagsins var lækkað um 90.951.640 kr. að nafnverði eða sem nemur 9.095.164 hlutum á grundvelli VIII kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög, til jöfnunar eigin hluta. Ennfremur var hlutfé lækkað með greiðslu til hluthafa, í árslok 2016 er því útistandandi hlutfé félagsins 2.725 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Býðingarmunur

Býðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er seld eða lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp og færður í rekstrarreikning.

Arður

Á árinu 2015 var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2014 að fjárhæð 219 millj. kr. eða 0,65 kr. á útistandandi hlut. Ekki var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2015 og ekki verður greiddur út arður vegna rekstrarársins 2016.

Bundinn reikningur

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga umfram það sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn reikning á meðal eigin fjár. Opinberir aðilar hafa ekki gefið út tülkanir eða leiðbeiningar sem snúa að nýjum kröfum um bundna eiginfjárreikninga og útlókar félagið því ekki að flokkun vegna bundinna eiginfjárreikninga breytist í síðari reikningsskilum eftir því sem tülkun á kröfunum verður ljósari.

25. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar sem tilheyrir hluthöfum í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefina hluta vegna kaupréttta starfsmanna. Þynntur hagnaður á hlut er jafn hagnaði á hlut, þar sem félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé eða gert kaupréttarsamninga.

Hagnaður á hlut greinist þannig:	2016	2015
Hagnaður ársins	1.007	1.287
Hlutfé í ársbyrjun	3.270	3.362
Áhrif keyptra og seldra eigin hluta	(45)	(27)
Áhrif hlutafjárlekkunar	(365)	-
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	2.860	3.335
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	3,50	3,90
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	0,35	0,39

Skýringar, frh.:

26. Vaxtaberandi skuldir

	2016	2015
Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:		
Skuldir við lánastofnanir	5.715	4.343
Næsta árs afborganir	(431)	(296)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	5.284	4.047
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	431	296
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	431	296
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	5.715	4.343

27. Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok ársins eftir gjaldmiðlum

Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok greinast þannig eftir gjaldmiðlum:	2016		2015	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í DKK	2,95%	220	-	-
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	6,0%	5.495	7,3%	4.343
		5.715		4.343

28. Afborganir af langtímalánum

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	2016	2015
Afborganir 2016	-	296
Afborganir 2017	431	296
Afborganir 2018	435	300
Afborganir 2019	436	300
Afborganir 2020	437	300
Afborganir 2021	3.012	-
Afborganir síðar	964	2.851
Samtals	5.715	4.343

Í apríl gekk félagið frá fjármögnun. Á árinu var samið við Landsbankann um langtímalán til 6,25 ára að fjárhæð 1.500 millj. kr., hækkun á rekstrarlánalínu úr 500 millj. kr. í 1.000 millj. kr. Einnig var samið við Eik banka P/F um lán til 7 ára að fjárhæð 15 millj. dkk. Þann 30. september var langtímaláni upphaflega að fjárhæð 4.500 millj. kr. skilmálabreytt, sem felst í að lokagjaldalagi lánsins hefur verið færður til samræmis við lokagjaldlega vaxtaskiptasamningsins 29.mars 2021. Vaxtakjörum lánsins var breytt úr REIBOR 3M í REIBOR 1M.

Kvaðir í lánessamningum

Í árslok uppfyllti samstæðan allar kvaðir í lánessamningum.

Veðsetningar

Skuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tryggðar með veði í rekstarfjárum, eignarhlutum í dótturfélögum, bankainnstæðum, viðskiptakröfum og birgðum í samræmi við skýringar 13, 22, 23, 36.

29. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2016	2015
Viðskiptaskuldir	1.098	1.145
Aðrar skammtímaskuldir	720	762
Tekjuskattur til greiðslu	4	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.822	1.907

Skýringar, frh.:

30. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddrar símnotkunar og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum.

31. Áhættustýring

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta

Lausafjárahætta

Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu og markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélags ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á áhættu tengdri markaði og starfsemi samstæðunnar.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og mánaðarlega er fylgst með áhættu vegna hennar. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýring	Bókfært verð	
		2016	2015
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	23	2.331	2.823
Handbært fé		368	420
Samtals		2.699	3.243

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

Ísland	2.013	2.461
Færeyjar	266	350
Samtals	2.279	2.811

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn samstæðunnar 434 millj. kr. (2015: 413 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

31. Áhættustýring, frh.:

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2016	2015	2016	2015
Ógjaldfallið	2.021	2.536	(34)	(52)
Gjaldfallið innan 90 daga	184	136	(20)	(13)
Gjaldfallið fyrir meira en 90 dögum	126	139	(106)	(114)
Heildarstaða viðskiptakrafna í árslok 2016	2.331	2.811	(160)	(179)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

Staða 1. janúar 2016	(179)	(189)
Tekjufært (gjaldfært) á árinu	(12)	(16)
Raun afskriftir ársins	31	26
Staða í árslok 2016	(160)	(179)

c. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Félagið hefur sett sér fjárstýringarstefnu þar sem skilgreind er stefna varðandi lausafjárstýringu. Stefnan er til grundvallar um meðhöndlun á handbæru fé og ráðstöfun þess og segir hvernig skuli lágmarka áhættu og tryggja handbært fé til að standa skil á skuldbindingum félagsins. Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjörpörf. Samstæðan hefur aðgengi að rekstrarlánalínu hjá viðskiptabanka sínum ef á þarf að halda. Ónýt lánsheimild rekstrarlánalínu og yfirdráttar var 1.200 millj. kr. í árslok. (2015: 700 millj. kr.)

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	1 til 2 ár	2 til 5 ár	Meira en 5 ár
31. desember 2016						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	5.715	7.001	743	741	4.503	1.014
Afleiður	84	84	15	19	49	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.822	1.822	1.822	-	-	-
Samtals	7.621	8.907	2.580	760	4.552	1.014
31. desember 2015						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	4.343	6.621	597	577	1.095	4.352
Afleiður	-	-	-	-	-	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.907	1.907	1.907	-	-	-
Samtals	6.250	8.528	2.504	577	1.095	4.352

Skýringar, frh.:

31. Áhættustýring, frh.:

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa samstæðunnar er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR) og dollar (USD).

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum í millj. kr.

31. desember 2016	EUR	USD
Viðskiptakröfur	27	10
Handbært fé	135	57
Viðskiptaskuldir	(137)	(90)
Áhætta í efnahagsreikningi	25	(23)

31. desember 2015	EUR	USD
Viðskiptakröfur	20	21
Handbært fé	88	90
Viðskiptaskuldir	(143)	(23)
Áhætta í efnahagsreikningi	(35)	88

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2016	2015	2016	2015
EUR	133,59	146,30	119,13	141,32
USD	120,67	131,85	112,82	129,59

Næmnigreining

10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í árslok myndi lækka eigið fé og afkomu samstæðunnar um 0,1 millj. kr. fyrir tekjuskatt, (2015: 5,2 millj. kr.). Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2015.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Samstæðan takmarkar vaxtaáhættu með vaxtaskiptasamningi.

Vaxtaberandi fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:	2016	2015
Fjárskuldir með breytilega vexti	5.715	4.343

Breyting á vöxtum um 100 punkta hefði breytt afkomu um 57 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2015: 43 millj. kr.). Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum. Vaxtaskiptasamningur er fjárskuld á föstum vöxtum og fjáreign á breytilegum vöxtum.

Skýringar, frh.:

31. Áhættustýring, frh.:

e. Gangvirði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

32. Eiginfjárstýring

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 40% eiginfjárlutfall. Eiginfjárlutfall í lok árs 2016 nam 47,6% (2015: 58,7%).

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 100 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 18. febrúar til 17. mars 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 21.687.000 kr. að nafnverði og kaupverði 100 millj.kr.

Stjórn samþykkti aðra endurkaupaáætlun í júní 2016, samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 300 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 1. júní til 30. september 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 66.513.410 kr. að nafnverði og kaupverði 300 millj. kr.

33. Rekstrarleiga

Leiga sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:	2016	2015
Innan árs	245	225
Eftir 1 til 5 ár	681	917
Eftir meira en 5 ár	772	1.241
Samtals	1.698	2.383

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir, áhöld og tæki til allt að tólf ára. Á árinu 2016 voru 218 millj. kr. (2015: 229 millj. kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

Skýringar, frh.:

34. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð í eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda samstæðunnar vegna starfa fyrir félag samstæðunnar og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:	Laun og hlunnindi		Fjöldi hluta
	2016	2015	árslok 2015
Stjórn:			
Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður	7,6	6,4 *	-
Hildur Dungal, varaformaður	3,5	3,0	-
Anna Guðný Aradóttir, stjórnarmaður	4,1	3,4	-
Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður	4,1	3,4	-
Vilmundur Jósefsson, stjórnarmaður	3,5	3,0	338.977
Agla Elísabet Hendriksdóttir, varamaður	0,6	0,6	189.471
Yngvi Halldórsson, varamaður	1,0	0,5	-
Tilnefningarnefnd:			
Ásdís Jónsdóttir	1,1	-	-
Ragnheiður S. Dagsdóttir	1,1	-	-
Lykilstjórnendur:			
Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta hf	58,4	50,0	155.000
Fjórir stjórnendur samstæðunnar	125,6	116,1 **	137.880

* Heiðar Guðjónsson á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf. en Ursus ehf. fjárhagslega tengdur aðili á 6,6% í félaginu.

**Fimm stjórnendur

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Viðskipti við tengda aðila

Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila og félaga tengdra þeim nam 8 millj. kr. á árinu 2016 (2015: 5 millj. kr.), en kaup á vörum og þjónustu námu 4 millj. kr. (2015: 2 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

35. Dótturfélag

Fjarskipti hf. átti eitt dótturfélag í árslok 2016 eins og í ársbyrjun. Dótturfélagið P/F Kall í Færeyjum er að fullu í eigu félagsins. Félagið á hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf.

36. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Félagið gerði skilmálabreytingu á langtímaláni sínu þannig að lokagjaldagi lánsins hefur verið færður til samræmis við lokagjaldaga vaxtaskiptasamningsins 29. mars 2021. Vaxtakjörum lánsins var breytt úr REIBOR 3M í REIBOR 1M. Á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 3.072 millj kr. (2015: 3.000 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2016. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Fjarskipta hf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Fjarskipta hf. við Landsbankann hf.

37. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Innbrot í tölvukerfi félagsins

Ekki hafa verið höfðuð fleiri mál á hendur félaginu vegna innbrotspjónnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið ákvörðun nr. 24/2016 vegna öryggisatviks sem átti sér stað á vefsvæði Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og þannig lokið efnispætti stjórnisýslumáls um atvikið.

Fjarskipti hf. gegn IP fjarskiptum ehf. (nú 365 miðlum hf.)

Félagið hefur höfðuð dómsmál gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.) til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 millj. kr. auk dráttarvaxa. Aðalmeðferð málsins hefur verið ákveðin þann 17. mars 2017.

Í tengslum við sama ágreining höfðuðu 365 miðlar hf. mál gegn félaginu til riftunar á nánar tilteknum fjarskiptasamningum og viðurkenningar á skaðabótakröfu vegna meintrar ólögðrar riftunar. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Fjarskipti hf. en 365 miðlar hf. hafa áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar. Ekki liggur fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögðs verðþrýstings og nemur stefnuafjárþæð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnuafjárþæð Símans hf. um 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn hafa skilað matsgerðum og aðalmeðferð hefur ekki verið ákveðin.

Skýringar, frh.:

37. Önnur mál, frh.:

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og NOVA ehf.

Síminn hf. stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og Nova ehf. til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Fól ákvörðunin í sér að Fjarskiptum hf. og Nova ehf. er heimilt að samnýta tíðniheimildar sínar í nýju rekstarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014. Liggur ekki fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Önnur mál

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflak og lögbann sem Símann fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Á hinn bóginn hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitur beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis. Hefur sú ákvörðun verið staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Á þessum tímapunkti getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar.

Til að auka upplýsingargildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2016 og eiga við um starfsemi samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2016, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Kaupaðferðinni er beitt við færslu á kaupum samstæðunnar á eignarhlutum í dótturfélögum. Kaupverðið er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, eiginfjárgerninga sem gefnir eru út og skulda sem stofnað er til, eða teknar eru yfir á yfirtökudegi. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á kaupdegi. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna yfirtekis félags er mismunurinn færður beint til tekna í rekstrarreikningi.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(iii) Hlutdeild í hlutdeildarfélögum

Eignahlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur.

(iv) Sameiginlegur rekstur

Sameiginlegur rekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem samstæðan hefur rétt til eigna og skuldbindinga vegna skulda sem tengjast fyrirkomulaginu. Hlutdeild samstæðunnar í hverjum lið rekstrarreiknings og efnahagsreiknings sameiginlegs rekstrar er færð línu fyrir línu í samstæðureikninginn.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur eru færðar þegar samstæðan hefur afhent vöru, gagnamagn eða veitt þjónustu í samræmi við samninga, meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta fjárhæð teknanna, tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni eða þjónustunni. Tekjur af sölu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða innheimtanleg, að frádrögnum afsláttum.

Tekjur samstæðunnar samanstanda í meginatriðum af farsíma-, gagnaflutnings- og fastlínubjónustu og tekjum af sjónvarpi ásamt tekjum af leigu á búnaði og annarri þjónustu og vörusölu. Tekjur flokkast í mánaðargjöld, notkun á magni, leigu á efni eða búnaði, þjónustu og vörusölu.

Mánaðargjöld eru tekjufærð á viðkomandi tímabil en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem notkun á sér stað. Tekjur eru færðar í samræmi við þá samninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers tímabils.

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Móttæknir leiguhvatar eru færðir til lækkunar leigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

d. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýmun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

e. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins er frestaður tekjuskattur og skattur til greiðslu. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirliti um heildarkomu, en þá er hann færður á þá liði.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Frestaður tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Virkur tekjuskattur samstæðunnar var 21,3% (2015: 19,8%)

f. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsteggs. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendar starfsemi, að meðtalið viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsteggs. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

g. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Kröfur og innstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Sá hluti af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er sérgreindur í ársreikningi sem eign eða skuld.

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar, frh.:

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald.

Kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum, sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráreginni virðisrýmun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Afleiður

Samstæðan notar viðtekin verðmatslíkön til að fá fram gangvirði á vaxtaskiptasamningi. Við matið er stuðst við sjóðstreymislíkan. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum, sjá nánar skýringu 5(a).

(iii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Til fjárskulda samstæðunnar annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjárskuldir eru færðar á þeim degi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Samstæðan flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

(iv) Hlutfé

Almennir hlutir

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valréttá vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á yfirverðsreikningi hlutfjár.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútfærðir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning.

h. Rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu samstæðunnar

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að fráregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af búnaði.

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Rekstrarfjármunir, frh.:

(i) Eignir í eigu samstæðunnar, frh.:

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Fjarskiptabúnaður	3 til 20 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	1 til 7 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

i. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum eða við bein kaup hennar frá þriðja aðila.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtöku dótturfélags og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð jafnóðum í rekstrarreikningi.

(ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem samstæðan hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan samstæðunnar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	3 til 10 ár

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða er byggt á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

k. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstæði er kannað hvort til staðar er hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárfæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

(ii) Aðrar eignir en fjáreignir

Á hverjum uppgjörstæði er lagt mat á hvort eignir samstæðunnar sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar, eða fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum uppgjörstæði er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

l. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

Skýringar, frh.:

38. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

I. Hlunnindi starfsmanna, frh.:

(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna

Skammtímaréttindi starfsmanna eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef samstæðan hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem hefur verið innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

m. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

n. Hagnaður á hverja krónu hlutafjár

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit sýnir skiptingu rekstrartekna eftir starfspáttum og landsvæðum. Starfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Starfspáttir samstæðunnar eru reglulega yfirfarnir af stjórnendum til að meta frammistöðu þeirra.

Stjórnarháttayfirlýsing

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Fjarskipta hf. (Vodafone) er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Fjarskipta hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á vodafone.is

Félagið hefur verið vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á vefsiðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Fjarskipti hf. hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001.

Stjórn Fjarskipta hf. 2016

Í stjórn Fjarskipta sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum ásamt framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs, auk þess sem aðallögfræðingur félagsins situr fundina sem ritari stjórnar. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2016 voru bókaðir 13 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir um mætingu og ákvörðunarbærni á fundum undirnefnda stjórnar. Hlutverk varamanna í stjórn félagsins felst í að taka þátt í aukafundum en ekki almennum stjórnarstörfum nema þeir séu kallaðir inn í forföllum aðalmanna á stjórnarfundum.

Á aðalfundi 17. mars 2016 var kosið að nýju í aðal- og varastjórn félagsins og voru engar breytingar gerðar á stjórninni. Við árslok 2016 var aðal- og varastjórn Fjarskipta hf. því skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalmenn

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélag, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Heiðar hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en fjárhagslega tengdur aðili honum, Ursus ehf., átti 6,60 % hlut í félaginu í árslok 2016.

Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er að aðalstarfi forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn félagsins 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Stafa lífeyrissjóðs, Lyfja & heilsu hf. og Faxe ehf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.

Hildur Dungal er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hildur hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún situr einnig í stjórn Nýherja hf. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963 og starfar sem óháður stjórnarmaður. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, stjórnarformaður OK eignarhaldsfélags hf. og dótturfélaga (Rafnar ehf. ofl.) situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan auk þess að sitja í stjórn Ankra ehf. Hjörleifur á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Vilmundur Jósefsson er fæddur árið 1949 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 4. apríl 2012 og svo endurkjörinn 26. mars 2014. Vilmundur er viðskiptafræðingur að mennt. Hann situr einnig í stjórn Steinullar hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartár ehf. Vilmundur átti 0,13% hlut í félaginu í árslok 2016.

Varamenn

Agla Elísabet Hendriksdóttir og Yngvi Halldórsson.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum og stórum hluthöfum að undanskýldum Heiðari Guðjónssyni sem er eigandi Ursus ehf. sem var fimmti stærsti hluthafinn í félaginu í lok árs 2016.

Helstu hlutverk stjórnar

- Meginhlutverk stjórnar Fjarskipta hf. er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð.
- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu félagsins.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar og undirritaðar af stjórn þann 27. apríl 2016. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formligt árangursmat þann 17. febrúar 2016. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir
2. Virkni stjórnar
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra
4. Undirnefndir stjórnar
5. Þróun félagsins

Forstjóri Fjarskipta hf.

Í lok árs 2016 var forstjóri félagsins Stefán Sigurðsson og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í málum sem varða venjulegan rekstur. Hlutverk hans er skilgreint nánar í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og ráðningarsamningi.

Stefán Sigurðsson er fæddur árið 1972 og gegndi áður starfi framkvæmdastjóra VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að sitja í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingarráði bankans auk annarra undirnefnda. Stefán hóf störf á fjármálamarkaði árið 1997 og hefur á þeim tíma starfað á breiðu sviði, auk eignastýringar, það er fyrirtækjarðgjafar, markaðsviðskipta, viðskiptaþróunar og samskipta bæði á Íslandi og erlendis. Stefán er með MSc. gráðu í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og BSc. af sama sviði frá Háskóla Íslands.

Stefán var ráðinn til starfa 9. maí 2014. Hann átti 0,06% hlut í Fjarskiptum hf. í lok árs 2016 en hann er ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila og stóra hluthafa eru engin. Stefán er í stjórn Viðskiptaráðs. Hann gegnir ekki öðrum trúnaðarstörfum í öðrum félögum, þ.m.t. stjórnarsetu.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Fjarsskipta hf. sitja þrjú nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast 27. apríl 2016. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2016 var endurskoðunarnefnd Fjarsskipta hf. skipuð Hjörleifi Pálssyni, formanni nefndarinnar, Hildi Dungal og Vilmundi Jósefssyni. Nefndin kom sex sinnum saman á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Fjarsskipta hf., daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

Í starfskjaranefnd Fjarsskipta hf. sitja þrjú nefndarmenn og eru þeir skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur með erindisbréfi og voru þær staðfestar á stjórnarfundum félagsins 29. apríl 2015. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa og koma með tillögum að kjörum stjórnarmanna og vera stefnumarkandi um kjör forstjóra og framkvæmdastjóra. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Fjarsskipta hf.

Við árslok 2016 var starfskjaranefnd Fjarsskipta hf. skipuð Önnu Guðnýju Aradóttur, formanni nefndarinnar, Heiðari Guðjónssyni og Öglu Elísabetu Hendriksdóttur. Nefndin hélt tvo formlega nefndarfundum á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6,60% hlut í Fjarsskiptum hf.

Í tækninefnd Fjarsskipta hf. sitja tveir nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Tækninefnd hefur sett sér starfsreglur með erindisbréfi og voru þær staðfestar á stjórnarfundum félagsins 27. apríl 2016. Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn og forstjóra til ráðgjafar um stefnumarkandi áherslur í tæknimálum og um mikilvæg tæknileg málefni.

Við árslok 2016 var tækninefnd Fjarsskipta hf. skipuð Heiðari Guðjónssyni, formanni nefndarinnar, og Yngva Halldórssyni og kom nefndin einu sinni saman á formlegum nefndarfundum á árinu. Báðir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6,60% hlut í Fjarsskiptum hf.

Tilnefningarnefnd Fjarsskipta hf. voru settar starfsreglur á fundi stjórnar Fjarsskipta hf. 27. apríl 2016. Þar er kveðið á um að stjórn Fjarsskipta hf. skuli tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Fjarsskipta hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins 17. mars 2016 fór fram kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma nú tilmæli um starfsemi tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja auknið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Við árslok 2016 var tilnefningarnefnd Fjarsskipta hf. skipuð Ragnheiði Dagsdóttur, formanni nefndarinnar, Ásdísi Jónsdóttur og Heiðari Guðjónssyni og kom hún fullskipuð einu sinni saman á árinu 2016 eftir að aðalfundi lauk, en fleiri fundir eru áformaðir í aðdraganda næsta aðalfundar. Þá hittust tveir nefndarmanna samtals á fjórum fundum á árinu í tengslum við vinnu að árangursmati stjórnar og forstjóra. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6,60% hlut í Fjarsskiptum

Starfsreglur allra undirnefnda eru aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Framkvæmdastjórn Fjarsskipta hf. 2016

Forstjóri og framkvæmdastjórnar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir. Við árslok 2016 voru framkvæmdastjórnar þessir:

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs og Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs.

Þorvarður Sveinsson, forstöðumaður stefnumótandi verkefna og Páll Ásgrímsson, aðalögfræðingur félagsins, sitja jafnframt framkvæmdastjórnarfundi og sá síðarnefndi ritar fundargerðir. Þá eru mánaðarlega haldnir fundir í framkvæmdanefnd félagsins, en hana skipa allir forstöðumenn, auk framkvæmdastjóra.

Frekari upplýsingar um framkvæmdastjóra fyrirtækisins er að finna á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Ársreikningur félagsins

Reikningsár Fjarskipta hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2012 til 2016 sem og árshlutareikningar 2012 til 2016 eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Við vinnum eftir þremur gildum sem marka athafnir og ákvarðanir en þau eru:

- Rautt
- Frumkvæði
- Ábyrgð

Það er stefna Fjarskipta hf. að starfa af ábyrgð og hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild með því að vinna að stöðugum umbótum í rekstri félagsins. Þannig viljum við stuðla að framþróun fyrirtækisins og lágmarka sóun sem fellur til í starfsemi.

Fjarskipti hf. gætir jafnréttis starfsmanna á öllum sviðum. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu metnir að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspeglar stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins.

Fjarskipti hf. sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskiptafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Fyrirtækið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að sýna starfsfólki og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið stuðlar að opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila og stendur vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfsemi. Áhersla er lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og öryggi og heilsu starfsmanna.

Fjarskipti hf. hefur sett ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Félagið skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum í lok árs 2015 og hefur einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu fram til ársins 2030. Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu en markmið hennar er að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta, en jafnframt að hvetja starfsfólk til að nota sjálfbæran ferðamáta við leik og störf.

Fyrirtækið fylgir alþjóðlega leiðbeiningarstaðlinum ISO 26000 um samfélagslega ábyrgð og hefur málaflökka staðalsins að leiðarljósi í sínu starfi. Meginstoðir samfélagsábyrgðar félagsins eru þrjár: Hlítni, sjálfbærni og sameiginlegt virði. Undir hlítni falla lög, reglur, staðlar og vottanir; undir sjálfbærni falla mannauður umhverfi og efnahagur; og undir sameiginlegt virði falla nýsköpun, öryggi og innviðir og samskipti og fræðsla. Félagið hefur sett sér mælanleg markmið sem eru endurskoðuð árlega í samhengi við þann árangur sem náðst hefur.

Fjarskipti hf. tekur virkan þátt í margvíslegum samfélagsmálum með stuðningi af ýmsum toga. Fjöldi aðila leitar til félagsins eftir stuðningi eða samstarfi ár hvert og eru ákvarðanir um styrki og samstarf teknar út frá stefnu fyrirtækisins í styrktarmálum.

Siðferðissjónarmið eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur skráðar siðareglur og voru þær samþykktar af framkvæmdastjórn félagsins 15. október 2012.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Fjarskipti hf. hlaut hvorki dóm né sektir í formi einhliða stjórnvaldsákvarðana af hálfu eftirlits- eða úrskurðaraðila á árinu 2016.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmörkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Víðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur áhættunefnd að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu. Úttektir með öryggismálum, hlífingu við lög, meðferð trúnaðarupplýsinga, upplýsingaöryggi og raunlægu öryggi er í höndum gæða- og öryggisdeildar, sem upplýsir framkvæmdastjórn um niðurstöður úttekta. Skilgreindar hafa verið boðleiðir til að tilkynna öll frávik og ábendingar frá starfsfólki er varða öryggisbrot, öryggisrof eða um það sem betur má fara. Í áhættunefnd situr öryggisstjóri, tilnefndir forstöðumenn frá hverju sviði og starfsmenn sem sjá um net- og kerfisöryggi. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Stjórn fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórn sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formlegt og skjalfest.

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Hluthafar félagsins og samskipti

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Fjarskipti hf. hefur sett sér upplýsingastefnu, sem sækir stoð í gr. 1.1.21 í reglum fyrir útgefendur fjármálagerna á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland, útgefnum 17. desember 2013, og var hún samþykkt af stjórn Fjarskipta hf. þann 18. febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að í kjölfarið á birtingu ársfjórðungslegra uppgjöra og ársuppgjörs heldur félagið upplýsingafundi fyrir fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila og fjölmiðla. Fjarskipti hf. svarar fyrirspurnum þessara aðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði fjárfesta á markaði. Félagið birtir reglulega á vefsíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@vodafone.is eða í undantekningartilvikum beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti.

Samþykkt á fundi í endurskoðunarnefnd 20.01.2017 og staðfest á fundi í stjórn Fjarskipta hf. 25.01.2017.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Hlutverk Fjarskipta hf. er að auka lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. Sýn félagsins er "Leiðtogi og alþjóðlegt afl á fjarskiptamarkaði". Gildi félagsins eru "Rautt, Frumkvæði og Ábyrgð". Stefna félagsins er ARPA-SKAPA-EINFALDA-STYRKJA.

Reglulegur hluti af starfsemi Fjarskipta hf. er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmörkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Viðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlumfélagsins. Áhættustýring félagsins, sem m.a. felst í reglubundnu áhættumati, felur í reynd í sér það áreiðanleikakönnunarferli sem félagið fylgir. Sem dæmi um árangur af stefnu félagsins í þessum efnum má nefna viðtæka vottun skv. ISO 27001 staðlinum og nýlega úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á öryggi vinnslu fjarskiptaumferðargagna, sem félagið stóðst með sóma.

Áhættustýring félagsins er m.a. til þess fallin að sporna við spillingar- og mútumálum. Sama gildir um siðareglur félagsins, sem m.a. geyma ákvæði um gjafir og boð. Þannig er óheimilt að gefa eða þiggja verðmæti sem hafa þann tilgang að hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir.

Viðskiptalíkan félagsins er að taka breytingum þannig að nýjar tekjustoðir bætast við, sem eru nauðsynlegar til að halda uppi framlegð og standa undir fjárfestingum í innviðum, sem og framlagi félagsins til málefna sem tengjast samfélagsábyrgð. Aukin áhersla er nú lögð á virði þjónustu, einfalt vöruframboð, og eflingu sjónvarpsþjónustu.

Fjarskipti hf. sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskiptafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Samfélagsábyrgð félagsins skiptist í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlífni. Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila. Lögð er áhersla á aukna sjálfbærni og lagt upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags í rekstrinum auk þess sem starfað er í hlífni við íslensk lög, reglur og almenn viðmið.

Stefna Fjarskipta hf. er að gæta jafnréttis á öllum sviðum. Jafnréttismál eru félaginu hugleikin og gætt er að því að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta. Að þessu leyti geymir jafnréttisáætlun stefnu félagsins í mannréttindamálum. Umburðarlyndi er ríkjandi þáttur í samskiptum á vinnustaðnum. Jafnréttisnefnd er starfrækt innan fyrirtækisins auk þess sem fyrirtækið hefur markað sér jafnréttisáætlun í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Félagið hefur sett sér ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Fjarskipti hf. skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum og hefur einnig einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu. Félagið hefur einsett sér að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Leitast er við að lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er.

Fjarskipti hf. hefur sett sér það markmið að flokka allt sopp sem fellur til í starfsemi, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónauðsynlegri urðun á sopp.

Fjarskipti hf. hefur komið sér upp gildum, ferlum og skipulagi til að koma í veg fyrir að félagið valdi skaða með starfsemi sinni. Félagið stundar ábyrga stjórnarhætti með að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi.

Félagið vinnur eftir skýrum siðareglum með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa sem og samfélagsins alls að leiðarljósi. Siðareglur Fjarskipta hf. fela í sér siðferðisleg viðmið starfsmanna og leiðbeiningar um viðbrögð við siðferðislegum álitamálum. Fyrirtækið virðir einkalíf viðskiptavina í einu og öllu og hefur persónuverndarsjónarmið í huga þegar vörur og þjónustur eru þróaðar.

Að ofan hefur verið lýst helstu ófjárhagslegu lykilmælikvörðum félagsins og þeim megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins.

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2016 1F	2016 2F	2016 3F	2016 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.295	3.467	3.443	3.450	13.655
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.754)	(1.862)	(1.786)	(1.930)	(7.332)
Framlegð	1.541	1.605	1.657	1.520	6.323
Rekstrarkostnaður	(1.217)	(1.201)	(1.080)	(1.193)	(4.691)
Rekstrarhagnaður	324	404	577	327	1.632
Fjármunatekjur	11	14	31	27	83
Fjármagnsgjöld	(88)	(109)	(121)	(117)	(435)
Hrein fjármagnsgjöld	(77)	(95)	(90)	(90)	(352)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	247	309	487	237	1.280
Tekjuskattur	(49)	(61)	(96)	(67)	(273)
Hagnaður	198	248	391	170	1.007
Þýðingarmunur	(4)	(20)	(47)	(45)	(116)
Hagnaður tímabilsins	194	228	344	125	891
EBITDA	668	751	927	694	3.040
EBITDA %	20,3%	21,7%	26,9%	20,1%	22,3%
Handbært fé frá rekstri	573	656	928	871	3.028
Fjárfestingarhreyfingar	(259)	(291)	(491)	(498)	(1.539)
Fjármögnunarahreyfingar	(174)	(711)	(276)	(375)	(1.536)

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2015 1F	2015 2F	2015 3F	2015 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.251	3.408	3.433	3.632	13.724
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.740)	(1.806)	(1.689)	(2.055)	(7.290)
Framlegð	1.511	1.602	1.744	1.577	6.434
Rekstrarkostnaður	(1.116)	(1.148)	(1.043)	(1.196)	(4.503)
Rekstrarhagnaður	395	454	701	381	1.931
Fjármunatekjur	8	7	8	12	35
Fjármagnsgjöld	(105)	(91)	(83)	(83)	(362)
Hrein fjármagnsgjöld	(97)	(84)	(75)	(71)	(327)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	298	370	626	310	1.604
Tekjuskattur	(62)	(70)	(124)	(61)	(317)
Hagnaður	236	300	502	249	1.287
Þýðingarmunur	(45)	1	(26)	(8)	(78)
Hagnaður tímabilsins	191	301	476	241	1.209
EBITDA	719	776	1.026	716	3.237
EBITDA %	22,1%	22,8%	29,9%	19,7%	23,6%
Handbært fé frá rekstri	539	857	981	476	2.853
Fjárfestingarhreyfingar	(309)	(346)	(314)	(578)	(1.547)
Fjármögnunarahreyfingar	(147)	(592)	(372)	(278)	(1.389)



RAUTT



ÁBYRGÐ



FRUMKVÆÐI



GILDI VODAFONE

LEIÐTOGI OG
ALÞJÓÐLEGT AFL
Á ÍSLENSKUM
FJARSKIPTA-
MARKAÐI



SÝN VODAFONE



Við tengjum þig